

# ÁRSSKÝRSLA ÁTVR 2017



## FORMÁLI FORSTJÓRA

Rekstur ÁTVR var hefðbundinn á árinu. Sala áfengis jókst um tæp 5% og sala tóbaks dróst saman um tæp 10%. Tóbaksgjald á neftóbak var hækkað verulega í upphafi ársins og salan á neftóbakinu minnkaði um 5,8% í kjölfarið.

Á árinu var lögð lokahönd á ritun sögu ÁTVR. Sagan fjallar um fyrstu 95 ár verslunarinnar og stefnt er að því að hún komi út á fyrrí hluta næsta árs. Saga ÁTVR er samofin sögu íslensku þjóðarinnar og oft hefur samband þjóðarinnar við áfengið verið stormasamt. Áfengi er engin venjuleg vara og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er engin venjuleg verslun. Verslunin var sett á laggirnar árið 1922 þegar bann við sölu áfengis á Íslandi var fellt úr gildi og hefur hún verið starfandi allar götur síðan. Vörurnar sem ÁTVR hefur á boðstórum eru þannig úr garði gerðar að best er fyrir samfélagið að sem minnst seljist og að neyslan sé í hófi. Varan er einnig vandmeðfarin, mörgum veitir hún gleði og ánægju, en öðrum reynist hún varhugaverð. Kostnaður samfélagsins af misnotkun vörunnar er hár og afleiðingarnar slæmar, ekki bara fyrir neytandann sjálfan heldur einnig fjólskylduna, viðnuvitandann og samfélagið allt. Öll starfsemi ÁTVR tekur mið af þessu sérstaka eðli vörunnar. Viðskiptavinir ÁTVR þurfa að sætta sig við söluþyrirkomulag sem eðli málsins samkvæmt takmarkar aðgengi að áfenginu. Einmitt þess vegna er mikilvægt að verslunin þjóni viðskiptavinum sínum eins og best verður á kosið. ÁTVR þarf því að feta vandrataðan veg milli samfélagslegrar ábyrgðar og þjónustu við viðskiptavini. Síðustu skoðanakannanir sýna að um 70% þjóðarinnar styður við númerandi söluþyrirkomulag. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að meirihluti þjóðarinnar skuli vera hlynntur rekstri á gamalli ríkisstofnun sem byggir á einkaleyfi til áfengissölu.

Ákvörðunin um ritun sögu ÁTVR var tekin í tíð fyrrverandi forstjóra en ÁTVR er meðal elstu og merkustu ríkisfyrtækja landsins. Verslunin hefur alltaf starfað innan þróngs ramma og hefur þurft að laga sig að breyttum tínum. Mikil umskipti hafa orðið í rekstri verslunarinnar frá því að hún var stofnuð og með því að varpa sögulegu ljósi á breytingarnar má sjá hvernig þær tengjast breytingum á þjóðfélaginu. Þannig er saga ÁTVR framlag til sögu lands og þjóðar.

Í gegn um tíðina hafa grunnstoðir íslenskrar áfengisstefnu falist í að starfrækja einkasölu ríkisins á áfengi, háum áfengissköttum, áherslu á forvarnir og banni við áfengisauglysingum og markaðsstarfsemi tengdri áfengi. Einnig er lögð mikil áhersla á lögaldur til áfengiskaupa, upplýsingagjöf til almennings og öflug meðferðarúrræði. Oft vakna spurningar um eðli starfseminnar og hvort hún sé í raun og veru nauðsynleg í nútíma þjóðfélagi. Eðlilegit er að velta vöngum yfir því. Eftir langan starfstíma hjá ÁTVR og í ljósi þeirrar bekkingar sem ég hef öðlast í starfinu hef ég sannfærst um að markviss stýring áfengissölu dragi úr neyslu áfengis og þar með skaðanum sem misnotkun veldur einstaklingum og samfélagini. Öflugasta og besta verkfærið sem stjórnvöld hafa til þess er ríkisrekin áfengiseinkasala. Þetta staðfestir fjöldi rannsókna sem gerðar hafa verið á sölumálum áfengis. Ríkisrekin áfengiseinkasala afnemur samkeppni í smásölu áfengis og þess vegna er áfengissalan minni. Einnig fjarlægir einkasalan hagnaðarkröfu einkarekstrar sem eðli málsins samkvæmt leitast við að selja sem mest til þess að hámarka hagnað eigendanna. Samfélagið allt ber kostnaðinn af misnotkun áfengisins og því er eðlilegit að hagnaðurinn af sölu þess lendi hjá ríkinu en ekki einkaaðilum. Hjá ÁTVR er hvorki stunduð söluhvetjandi starfsemi né reynt að ýta vörum að viðskiptavinum í því skyni að fá þá til þess að kaupa meira. Minna áfengi er selt í löndum þar sem ríkið sér um reksturinn. Það staðfestir fjöldi rannsókna og þær sýna einnig að sterk tengsl eru milli magns áfengis sem neytt er og skaðans sem neyslan veldur. Því meiri neysla því meiri skaði. Minni neysla skilar sér strax í bætta heilsufari og vellíðan þjóðarinnar ásamt lægri kostnaði skattgreiðenda vegna misnotkunar áfengis. Íslendingar sem á sínum tíma voru í verulegum vandræðum með að höndla áfengisneyslu hafa náð miklum árangri með aðhaldssamri áfengisstefnu. Eftir því er tekið í samfélagi þjóðanna.

## Lögð er áhersla á að vörubekking starfsfólksins sé mikil og að viðskiptavinir fái notið úrvals þjónustu.

ÁTVR hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum áratugum. Áður var verslunin gamaldags og íhaldssöm ríkisstofnun með fáa sölustaði, lítið vörurúval, afgreiðslu yfir borð og starfsfólk i einkennisklæðum sem tóku mið af fatnaði löggreglu og tollvarða. Í dag er ÁTVR margverðlaunað þjónustufyrirtæki sem leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og góða þjónustu. Allar verslanir ÁTVR eru sjálfsafgreiðsluverslanir, vörurúvalið er fjölbreytt, verslunum hefur fjöldað og afgreiðslutíminn lengst. Lögð er áhersla á að vörubekking starfsfólksins sé mikil og að viðskiptavinir fái notið úrvals þjónustu. Á síðstu árum hefur ÁTVR fengið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir góðan rekstur. Má þar t.d. nefna Íslensku gæðaverðlaunin frá Gæðastjórnunarfélagi Íslands, Ríkisstofnun til fyrirmynadar, hæstu einkunn í Íslensku ánægjuvoginni og Kuðunginn fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum. Verslunin einbeittir sér einnig að því að bæta áfengismenningu á Íslandi með því að veckja áhuga viðskiptavina á vandaðri vöru, miðla ýmsu fræðsluefnir um áfengi og jafnframt að fræða viðskiptavini um tengingu matar og vína.

Bókin um ÁTVR fjallar um fyrstu 90 árin í sögu verslunarinnar. Þegar þessi orð eru skrifuð er ÁTVR orðin 95 ára og ennþá í fullu fjöri. Höfundar sögunnar og starfsfólk ÁTVR, bæði núverandi og fyrrverandi, unnu þrekvirki við að safna heimildum sem margar hverjar voru að því komnar að falla í gleymsku. Fyrir það vil ég þakka og vona að landsmenn hafi bæði gagn og gaman af lestri sögunnar um ÁTVR.

### Sjálfbærni

ÁTVR vinnur með systurfyrirtækjum sínum á Norðurlöndum við að innleiða sjálfbærni og samfélagsábyrgð í starfsemi og stefnumótun fyrirtækjanna. Búið er að gera umhverfis- og loftslagsáætlun til 2022 þar sem lögð verður áhersla á umbúðir, orku og losun gróðurhúsalofttegunda, vatn og líffræðilegan fjölbreytileika. Heimarkmið Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum eru fléttuð inn í verkefnið. Áframhaldandi vinna verður við loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar til að ná markmiðum sem sett voru fyrir 2030. Grænum skrefum í ríkisrekstri verður fylgt eftir sem og vistvænum innkaupum.

### Áskoranir í rekstri

Enn og aftur er til umfjöllunar frumvarp um að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum og þessu fylgir álag fyrir starfsfólk ÁTVR og óvissa um framtíðina. Ein helsta áskorunin framundan í rekstrinum verður því að viðhalda starfsánægju starfsfólksins.

Rekstur ÁTVR er háður vilja stjórnvalda. Sá vilji mótað annars af viðhorfum í samfélagini á hverjum tíma. Ef almenningur styður ekki við reksturinn er alveg ljóst að honum yrði fljóttlega hætt. Viðskiptavinir ÁTVR eru ánægðir með þjónustuna og kannanir sýna að almenningur vill halda í núverandi fyrirkomulag. Því verður önnur helsta áskorun ÁTVR á næstu árum að upplýsa almenning, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila um mikilvægi þess að halda áfram með núverandi sölukerfi á áfengi.

### Þakkar til starfsfólks

Ég vil að lokum þakka starfsfólk samstarfið á árinu. Það er mikill heiður fyrir mig að fá að leiða þann frábæra hóp sem vinnur hjá ÁTVR.

Ívar J. Arndal  
forstjóri

# HEILDARSTEFNA

## LEIÐARLJÓS

Að framfylgja stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið

## STEFNA

Að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmund á sviði samfélagsábyrgðar

## ÁHERSLUR

### ÁBYRGIR STARFSHÆTTIR

- Við viljum að sátt ríki í samfélaginu um núverandi fyrirkomulag á smásölu áfengis
- Við fórum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð
- Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta reksturinn
- Við gætum jafnraðis við val og dreifingu á vörum
- Við viljum draga úr áfengisneyslu ungs fólks með því að tryggja að aldursmörk til áfengiskaupa séu virt

### ÁNÆGTT STARFSFÓLK

- Við viljum að vinnumstaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð
- Við viljum að starfsfólk njóti virðingar og gerum því kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt
- Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni
- Við líðum ekki mismunun á vinnumstaðnum og tryggjum að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf

### ÁNÆGGÐIR VIÐSKIPTAVINIR

- Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og tökum mið af væntingum hans
- Við veitum þjónustu sem byggir á lipurð, fagmennsku og hlutleysi
- Við leggjum áherslu á fræðslu til viðskiptavina án þess að hvetja til meiri neyslu


### ÁBYRGIT VÖRUVAL

- Við leitumst við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum
- Við viljum að vöruluvalið sé áhugavert og byggi á fjölbreytileika og gæðum
- Við viljum tryggja öryggi og gæði vara
- Við viljum vernda ungt fólk með því að hindra framboð á óæskilegum vörum

### VIRDING FYRIR UMHVERFINU

- Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitum leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af starfseminni
- Við drögum úr úrgangi með markvissum hætti og bjóðum viðskiptavinum upp á vistvænar lausnir

## FRAMKVÆMDARÁÐ



Ívar J. Arndal  
Forstjóri



Sigrún Ósk Sigurðardóttir  
Aðstoðarforstjóri



Sveinn Víkingur Árnason  
Framkvæmdastjóri



Forstjóri og framkvæmdastjórar mynda framkvæmdaráð sem fundar að jafnaði vikulega. Mánaðarlega fundar yfirstjórn með mannaúðsstjóra, aðalbókara og aðstoðarframkvæmdastjóra sölu- og þjónustusviðs til að fara yfir stöðu verkefna. Til að tryggja gott upplýsingaflæði um rekstur og stöðu verkefna eru reglulega haldnir fundir með stjórnendum, starfsfólk í höfuðstöðvum og dreifingarmiðstöð og verslunarstjórum stærri Vínbúða. Árlega eru haldnir fundir í hverjum landshluta fyrir sig með verslunarstjórum. Auk þess halda verslunarstjórar stærri Vínbúða reglulega fundi með sínu starfsfólk.

Þverfaglegir verkefna- og umbótahópar eru hluti af skipulaginu. Hóparnir vinna að fyrirfram skilgreindum verkefnum og hafa ákveðinn skipunartíma. Á árinu störfuðu túi verkefnahópar og einn umbótahópur með þátttöku 27 starfsmanna frá mismunandi starfsstöðvum. Tveir vinnuhópar fjölluðu um afmörkuð viðfangsefni, endurskoðun á innri vef og gerð starfsþróunaráætlunar. Í tengslum við vinnu þessara hópa voru haldnir rýnifundir með þátttöku tæplega 50 starfsmanna þar sem markmiðið var að fá fram hugmyndir og koma með tillögur til úrbóta.

# ÁRSSKÝRSLA Í SAMRÆMI VIÐ GRI

Þessi ársskýrsla gildir fyrir almanaksárið 2017 og nær yfir alla starfsemi ÁTVR sem er eingöngu á Íslandi.



Árskýrslan nær yfir alla starfsemi ÁTVR sem er eingöngu á Íslandi og gildir fyrir almanaksárið 2017. Ísland er skilgreint sem nærsamfélag og eru allir stjórnendur íslenskir og búsettir á landinu.

Árskýrslan er eingöngu á rafrænu formi en hægt er að prenta út einstaka hluta hennar eða skýrluna í heild.


Við gerð skýrlunnar er fylgt Global Reporting Initiative (GRI), G4, þar sem markmiðið er að skrá og miðla með gagnsajum hætti upplýsingum sem tengdar eru samfélagslegri ábyrgð. Gerð er grein fyrir 42 mælikvörðum sem eru að fullu uppfylltir og 3 að hluta uppfylltir í 6 flokkum. Hægt er að nálgast heildaryfirlit og mælikvarða í GRI hluta skýrlunnar ([hér](#)) en jafnframt er gerð grein fyrir mælikvörðum í texta þar sem það á við.

Árið 2012 gerðist ÁTVR aðili að UN Global Compact og hefur árskýrslum verið skilað sem áreglugram framvinduskýrslum (e. Communication on Progress) til samtakanna. Á árinu 2017 urðu breytingar hjá UN Global Compact þannig að fyrirtækjum sem tengjast tóbaki á einhvern hátt er ekki lengur heimil aðild. ÁTVR framleiðir neftóbak og er lögum samkvæmt með einkaleyfi á heildsölu tóbaks hérlendis og af þeim sökum tók UN Global Compact þá ákvörðun að heimila ÁTVR ekki lengur aðild að samtökunum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi í ársþyrjun 2016. ÁTVR hefur innleitt þau inn í ferla fyrirtækisins. Markmiðin eru þau viðtækustu sem ríki heims hafa komið sér saman um og stefnt er að því að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030. Í sérstökum hluta skýrlunnar má sjá einstaka áherslur og tengsl við starfsemi fyrirtækisins.

## HAGSMUNAADILAR

Stefna ÁTVR er að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð.



Við mat á samfélagslegri ábyrgð hefur hagsmunaðilum verið skipt í fimm flokka: Viðskiptavinir, mannauður, samfélagið, eigandinn og birgjar. Gerð er grein fyrir áherslum gagnvart einstökum hagsmunaðilum en allar miða þær að því að fylgja þeim áherslum sem koma fram í heildarstefnunni.

# MARKMIÐ OG ÁRANGUR

Sett eru mælanleg markmið fyrir flesta þætti í rekstri og niðurstöður kynntar mánaðarlega í skorkortum fyrir hverja einingu s.s. Vínþúðir, skrifstofu og dreifingarmiðstöð. Öll skorkort eru aðgengileg starfsfólkí á sérstöku vefsíðu, auk upplýsinga um sölu og mest seldu tegundirnar í hverjum mánuði. Á sambærilegu svæði eru einnig upplýsingar og samantektir sem ætlaðar eru stjórnendum til að auðvelda ákvarðanir og yfirsýn sem snúa að birgðastjórnun. Markmið og aðgerðir eru unnar eftir áætlun til þriggja ára í senn, nú er unnið með tímabilið 2017-2019. Út frá þeiri áætlun eru unnar ársáætlunar sem byggja á heildarstefnumanni og lykilmarkmiðum.

## SJÁLFBÆRNISTJÓRNUN

### Markmið og mælikvarðar

Í töflunni má sjá helstu markmið og mælikvarða flokkað eftir hagsmunaaðilum með tilvísun í GRI mælikvarða og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru 17 og í þeim felst framkvæmdaætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar til ársins 2030. Einnig er í töflunni tilvísun í síðareglur alþjóðasamtakanna Amfori (áður BSCI). Amfori eru leiðandi samtök í heimi viðskipta þar sem markmiðið er að tryggja að öll viðskipti skapi félagslegan, umhverfislegan og fjárhagslegan ávinnung fyrir alla.

Sjálfbærnitaflan inniheldur mikilvægustu efnispætti í starfsemi ÁTVR sem hafa mest áhrif á sjálfbærni. Auk þess er greint frá öðrum efnispáttum í skýrslunni. Reglulega eru efnispættir endurskoðaðir í mikilvægisgreiningu og bættist hlutfall léttglers við en það fellur vel að vinnu við að gera aðfangakeðjuna sjálfbærari. Þjónustustig var felti út.

HAGSMUNAAÐILI	SJÁLFBÆRNISVIÐ	2017 Niðurstaða	2017 Markmið	2018 Markmið	Viðmið GRI	Heimsmarkmið	Amfori (BSCI)			
 SAMFÉLAGID	Framfylgja stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og töbaksmálum í sátt við samfélagið. Að tryggja að aldursmörk til áfengiskaupa séu virt. Bera virðingu fyrir umhverfinu og leita leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af starfseminni.	Ánaðja með fyrirkomulag áfengissölu %	Capacent Gallup – könnun	71	<span style="color: green;">●</span>	55	65	G4-SO1	#12	
		Ungt fólk spurt um skilríki	Hulduheimsóknir, % árangur	85	<span style="color: orange;">●</span>	88	88	G4-SO10	#12	
		Endurvinnsluhlutfall %		92	<span style="color: green;">●</span>	92	93	G4-EN23	#13	#11
		Loftslag – flutningur áfengis/tóbaks	CO <sub>2</sub> tonn	340	<span style="color: green;">●</span>	340	346	G4-EN15	#13	#11
		Léttglar (minna en 420 g í 750 ml vínflökum)	Hlutfall af seldum lítrum %	20			25	G4-EN28	#13	#11
 VIÐSKIPTAVINIR	Að vera eitt fremsta þjónustufyrirtæki landsins með því að setja viðskiptavinin í örvegum og taka mið af væntingum hans. Veita þjónustu sem byggir á lipurð, fagmennsku og hlutleysi með fræðslu til viðskiptavina án þess að hvetja til meiri neyslu.	Ánaðja viðskiptavina	Íslenska ánaðjuvogin <sup>1</sup>	74	<span style="color: green;">●</span>	74	74	G4-PR5	#4	
		Ímynd	Íslenska ánaðjuvogin <sup>1</sup>	74	<span style="color: green;">●</span>	72	72	G4-PR1, G4-PR5	#17	
		Viðmót starfsfólks	Maskína – þjónustukönnun <sup>2</sup>	4,6	<span style="color: green;">●</span>	4,6	4,6	G4-PR5	#9	
		Þekking starfsfólks	Maskína – þjónustukönnun <sup>2</sup>	4,0	<span style="color: green;">●</span>	4,0	4,0	G4-PR5	#12	
 MANNAÐUR	Vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og færni og njóti virðingar.	Starfsánægja	Vinnustaðagreining Gallup <sup>2</sup>	4,34	<span style="color: green;">●</span>	4,27	4,30	G4-I0, G4-HR4	#5 #10	#5
		Starfsandi	Stofnun ársins <sup>2</sup>	4,48	<span style="color: green;">●</span>	4,40	4,40	G4-10	#5 #10	#8
		Fjarvistir v/veikinda sem hlutfall af unnum klst. %		2,4	<span style="color: green;">●</span>	2,5	2,5	G4-LA6	#3 #11	#3
		Tækifæri til að læra og þróast í starfi	Vinnustaðagreining Gallup <sup>2</sup>	4,28	<span style="color: green;">●</span>	4,20	4,25	G4-LA9	#4 #10	#10
 BIRGJAR	Gæta hlutleysi við val og dreifingu á vörur og leitast við að bjóða vörur sem framleiddar eru samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum um sanngjarna framleiðslu.	Heildaránaðja birgja	Birgjakönnun <sup>2</sup>	4,0	<span style="color: orange;">●</span>	4,1	4,1	G4-EC9, G4-HR5, G4-HR6	#9 #17	
		Hlutleysi gagnvart birgjum tryggt með reglugerð um vörual	Birgjakönnun <sup>2</sup>	3,5	<span style="color: orange;">●</span>	3,7	3,7	G4-SO3	#9	
		Lifrárent ræktad áfengi og sanngjörn framleiðsla, % sala		1,1	<span style="color: green;">●</span>	1,0	1,3	G4-EN27	#2 #12 #17	#1 #2
 EIGENDUR	Fara vel með verðmæti og nota auðlindir af ábyrgð. Leita stórdugt nýrra leiða til að bæta reksturinn.	Arðsemi eiginfjár %		28	<span style="color: orange;">●</span>	30	27	G4-EC1	#8	
		Afkost í stærri Vínþúðum, lítrar á unna klst.		70,9	<span style="color: green;">●</span>	70,7	70	G4-10	#8 #9	
		Óskýrð rýrnun sem hlutfall af sölu %		0,032	<span style="color: green;">●</span>	0,040	0,040	G4-SO3	#8	

1) Mælt á kvarðanum 0-100 2) Mælt á kvarðanum 1-5

● Markmiðið hefur verið náð

● Á góðri leið að ná markmiði

● Markmiðið ekki náð

# VIÐSKIPTAVINIR HAFA ÁHRIF Á VÖRUVAL

## ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA

Markmið Vínbúðarinnar er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins. Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og tökum mið af væntingum hans. Við viljum að vörvalið sé áhugavert og byggi á fjölbreytileika og gæðum. Við veitum þjónustu sem byggir á lipurð, fagmennsku og jákvæðu viðmóti. Við gætum hlutleysis en leggjum áherslu á að fræða viðskiptavini án þess að hvetja til meiri neyslu.

### Eitt fremsta þjónustufyrirtæki landsins

Ánægjuvogin er mikilvægur mælikvarði til að kanna hvort fyrirtækið nái því markmiði að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins. Vínbúðin var með hæstu einkunn í flokki fyrirtækja á smásöulumarkaði í Íslensku ánægjuvoginni og þriðju hæstu einkunn allra fyrirtækja, fékk 74,1 stig af 100 mögulegum. Alls voru birtar niðurstöður um 25 fyrirtæki í 8 atvinnugreinum en Samtök iðnaðarins og Stjórnvísí standa sameiginlega að könnuninni.

ÍSLENSKA  
ÁNÆGJU  
OGIN

Vínbúðin var með hæstu einkunn í flokki fyrirtækja á smásöulumarkaði í Íslensku ánægjuvoginni og þriðju hæstu einkunn allra fyrirtækja.

Árlegar þjónustukannanir mæla ánægju viðskiptavina í hverri Vínbúð fyrir sig. Viðskiptavinir gefa einkunn um þjónustu, vörval, viðmóti og þekkingu starfsfólks. Til viðbótar er árlega gerð könnun þar sem spurt er um almenna þætti auk þjónustunnar s.s. vörval, opnunartíma og staðsetningu Vínbúða svo eithvað sé nefnt. Niðurstöðurnar eru rýndar og nýttar til umbóta. Í heildina eru viðskiptavinir ánægðir með þjónustuna og þótt einkunnin hafi lækkað lítillega á milli ára er árangurinn engu að síður mjög góður. Almennt er meiri ánægja með þjónustu minni Vínbúða sem allar eru á landsbyggðinni.


## ÁNÆGJA MED ÞJÓNUSTU VÍNBÚÐANNA

	2017	2016	2015
Stærri Vínbúðir	4,33	4,39	4,29
Minni Vínbúðir	4,48	4,54	4,46

Mæling Maskínu á ánægju.  
Kvarðinn er 1-5 þar sem 1 er lægst og 5 hæst.

## FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA

flokkað eftir stærstu dögum ársins ásamt samanburði við hefðbundinn föstudag



4.919  
þúsund viðskiptavinir

Á árinu komu rúmlega 4,9 milljónir viðskiptavina í Vínbúðirnar. Flestir koma í lok vikunnar en að jafnaði koma um 28 þús. viðskiptavinir á hefðbundnum föstudagi. Á stærstu dögum ársins fengu þó tæplega 40 þús. viðskiptavinir þjónustu í Vínbúðunum. Í ár bar 24. og 31. desember upp á sunnudag en þá er lokað í Vínbúðunum lögum samkvæmt. Dagarnir þar á undan voru því að vonum mjög annasamir og var laugardagurinn 30. desember stærsti dagur ársins hvað varðar fjölda viðskiptavina.

16,8  
milljónir króna  
runnu í Pokasjóð

32%  
kaupa plastpoka

1.087  
þúsund bréfpokar  
gefnir viðskiptavinum  
á ári

## vinbudin.is


Stöðugt er unnið að endurbótum á vefnum vinbudin.is svo hann megi þjóna viðskiptavinum sem best. Vefurinn er vel sóttur og voru heimsóknir 1.254 þús. á árinu.

Þeim fjölgar stöðugt sem heimsækja vefinn í gegnum síma og spjaldtölvur en slík tæki voru notuð í 64% heimsókna.

Netspjall er þjónustuleið sem viðskiptavinir hafa nýtt sér í auknum mæli. Yfir 3.000 viðskiptavinir nýttu sér spjallið á árinu. 90% þeirra sem hafa nýtt sér spjallið eru ánægðir með það og gefa því góða einkunn.

Vöruplýsingar voru endurhannaðar með það fyrir augum að gefa viðskiptavinum fyllri upplýsingar. Dregnir eru fram með litum ólíkir flokkar vína og bjóra. Bætt var við upplýsingum um með hverju vínið í viðkomandi flokki hentar og við hvaða hitastig best er að bera það fram. Til viðbótar eru upplýsingar um hvort viðkomandi tegund sé fáanleg í fleiri en einni gerð umbúða, s.s. flöskum, dósum og kössum.

### FJÖLDI HEIMSÓKNA Á VINBUDIN.IS



### Fræðsla

Þemadagar eru kærkomið tækifæri til að fræða viðskiptavini enn frekar. Í maí og júní var rósavín og matur í aðalhlutverki. Þetta var í annað sinn sem rósavín er í fókus í upphafi sumars. Eins og áður var birtur fróðleikur og uppskriftir að réttum sem passa vel með rósavíni. Í júlí og ágúst var áhersla lögð á að kynna einkenni freyðivíns. Birtar voru ýmsar greinar en einnig ljúffengar uppskriftir að réttum sem henta sérlega vel með freyðivíni. Allar greinar og uppskriftir eru aðgengilegar á vinbudin.is.



# VÍNBÚÐIR ÁRSINS



VÍNBÚÐ ÁRSINS Í FLOKKI STÆRRI VÍNBÚÐA 2018

Vínbúðin Mosfellsbæ



VÍNBÚÐ ÁRSINS Í FLOKKI MINNI VÍNBÚÐA 2018

Vínbúðin Fáskrúðsfirði

Öllum Vínbúðum eru sett mælanleg markmið, meðal annars um afköst, þjónustustig, skilríkjaeftirlit, rýrnun og gæðaeftirlit. Mánaðarlega eru niðurstöður mælinga kynntar og hafa allar Vínbúðir aðgang að niðurstöðunni bæði fyrir sína búð og aðrar Vínbúðir. Vínbúðunum er skipt í flokka þ.e. í stærri og minni eftir fjölda tegunda í vörvali. Í flokki stærri Vínbúða eru alls 17 Vínbúðir, en 34 í flokki minni Vínbúða.

Árlega er starfsfólk þeirra Vínbúða sem ná bestum árangri veitt viðurkenning. Að þessu sinni voru Vínbúðir ársins: Vínbúðin í Mosfellsbæ í flokki stærri Vínbúða og Vínbúðin á Fáskrúðsfirði í flokki minni Vínbúða. Auk þess fékk Vínbúðin í Skeifunni viðurkenningu fyrir frábæran árangur í skilríkjaeftirliti og Vínbúðin Heiðrún fyrir framúrskarandi árangur í mælingu á ánægju viðskiptavina.

## Ábyrgt vörval

### NORRÆNT SAMSTARF Á SVÍÐI SAMFÉLAGSLEGRAR ÁBYRGÐAR

Samfélagið gerir í auknum mæli kröfur til fyrirtækja um að þau tryggi að vörur sem þau selja séu framleiddar með siðrænum hætti. Það sama gildir um viðskiptavini Vínbúðanna. Í lögum um ÁTVR (86/2011) er kveðið á um að fyrirtækið skuli leitast við að haga innkaupum í samræmi við alþjóðasáttmála.

Allt frá árinu 2009 hafa norrænu áfengiseinkasölnar, Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasøla Landsins í Færeyjum og ÁTVR verið í samstarfi sem lýtur að siðferðilegum grundvallarreglum í aðfangakeðjunni. Sameiginlegt markmið er að tryggja að söluvörur fyrirtækjanna séu framleiddar samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og siðareglum. Allar einkasölnar hafa gerst meðlimir í alþjóðasamtökunum FTA (Foreign Trade Association) og BSCI (Business Social Compliance Initiative). Á árinu fengu samtökin nýtt nafn, Amfori, og fellur BSCI þar undir. Sameiginlegu norrænu siðareglurnar hafa verið kynntar áfengisbirgjum í hverju landi fyrir sig. Til viðbótar hafa helstu vínframleiðslulönd verið heimsótt og framleiðendum, samtökum framleiðenda, fulltrúum stjórnvalda og öðrum hagsmunaaðilum verið kynnt samstarfið og siðareglurnar. Lögð er áhersla á að reglunum sé ætlað að vera grunnur til að leiðréttá hegðun ef úrbóta er þörf en ekki útloka vörur nema önnur úrræði hafi verið fullreynd. Árlega standa Alko, Systembolaget og Vinmonopolet fyrir fjöldu úttekta á vegum alþjóðlegra úttektaraðila þar sem framleiðendur eru metnir á grundvelli siðareglannana og gerð áætlun til úrbóta ef ástæða er til. Niðurstöðurnar eru birtar í gagnagrunni Amfori fyrir meðlimi samtakanna.

Á árinu 2017 urðu breytingar hjá UN Global Compact þannig að fyrirtækjum sem tengjast tóbaki á einhvern hátt er ekki lengur heimil aðild. ÁTVR framleiðir neftóbak og er lögum samkvæmt með einkaleyfi á heildsölu tóbaks hérlandis. Af þeim sökum tók UN Global Compact þá ákvörðun að heimila ÁTVR ekki lengur aðild að samtökunum.

## Vörval

Vörval Vínbúðanna byggir á reglugerð um vörval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (nr. 1106/2015). Vörvalið ræðst að mestu af eftirspurn viðskiptavina. Í grunninn eru þrír megin söluflokkar: kjarni, reynsla og sérflokkur. Auk þeirra eru smærri tímabundnir flokkar tengdir ákveðnum tímabilum s.s. þorra, sumri og jólum. Kjarni er megin söluflokkurinn og myndar grunn að vörvali hvarrar Vínbúðar. Vörval í kjarna er endurmetið þrisvar sinnum á ári. Reynsluflokkur er ætlaður nýjum vörum. Ef reynsluvara nær tilteknun viðmiðum í sölu færst hún í kjarna og er um leið fáanleg í fleiri Vínbúðum. Nú eru fjórar Vínbúðir sem selja reynsluflokk, Heiðrún, Álfurín í Hafnarfirði, Vínbúðin í Kringlunni og Vínbúðin í Skútuvgi.




Sérflokkur er ætlað að mæta óskum viðskiptavina og styðja við stefnu fyrirtækisins um að bjóða vörval sem byggir á fjölbreytni og gæðum og um leið að tryggja skilgreint lágmarks vörval í hverjum Vínbúðarflokki.


Vínbúðunum er skipt í flokka eftir vörvali. Þær búðir sem hafa minnsta vörvalið eru í flokki K1, K2 eru með meira úrval og svo koll af kolli. K1, K2 og K3 Vínbúðir eru allar á landsbyggðinni en K6 Vínbúðir eru á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri, Selfossi og í Reykjavík. K8 og K9 Vínbúðir eru stærstu Vínbúðirnar, allar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar litið er á markaðshlutdeild Vínbúðanna í heildarsölnunni þá hafa K1, K2 og K3 Vínbúðir um 21% markaðshlutdeild en ef litið er á fjöldann í hlutfalli við heildarfjölda Vínbúða þá er hlutfallið 67%.

## HLUTDEILD VÍNBÚÐAFLOKKA Í HEILDARSÖLUNNI



## VÍNBÚÐIR FLOKKAÐAR EFTIR STÆRD



Í þjónustukönnun voru viðskiptavinir spurðir um ánægju með vöruluval í Vínbúðinni þar sem þeir versla. Niðurstaðan var að tæplega 70% viðskiptavina eru mjög eða frekar ánægðir með vöruluvalið á meðan um 7% eru frekar eða mjög óánægðir, aðrir eru hlutlausir. Spurt er um ánægju eftir flokkum þ.e. bjór, sterkt áfengi og léttvín. Lítill munur er á milli flokka en viðskiptavinir á landsbyggðinni eru almennt aðeins óánægðari með vöruluvalið, þótt munurinn sé ekki mikill. Niðurstöðurnar eru rýndar með það fyrir augum að koma enn betur til móts við þarfir viðskiptavina en um leið þarf að taka tillit til staðar og staðsetningar Vínbúðanna og þeirra reglna sem í gildi eru.

## Gæðaeftirlit vörur

Áður en vara er sampykkt í sölu er gengið úr skugga um að hún uppfylli öll formskilyrði laga og reglna þar með talið reglur um merkingu matvæla. Ef ekki er gerð athugasemd fara allar vörur í skynmat til að tryggja gæði vörunnar. Skynmatið er vottað og sér BSI á Íslandi ehf. um að taka út ferlið. Með vottun skuldbindur ÁTVR sig til að tryggja að til staðar sé stöðugt umbótaferli sem felur í sér að gripið er til aðgerða ef úrbóta er þörf.

Haustið 2016 byrjaði ÁTVR að fylgjast reglulega með styrkleika alkóhóls í söluvörum Vínbúðanna. Í október 2017 var tekin í notkun vínskanni, sem er sérhæft mælitæki fyrir vín, þar sem má fylgjast með alkóholi, sykri, súlfíti, sýrum og fleiri þáttum sem gagnast við gæðaeftirlit og gefa kost á auknum upplýsingum til viðskiptavina, m.a. um magn sykurs í víni.

Á árinu 2017 voru mældar rúmlega 2.100 tegundir. Flestar mælingar staðfesta réttar merkingar en í 22 tilvikum fundust frávik frá uppgefnu alkóhólmagni. Brugðist er við ef frávik eru veruleg.

Á árinu 2017 voru 675 nýjar vörur teknar í reynslusölu.

# FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA KREFST ÞEKKINGAR

## MANNAUÐUR - ÁNÆGT STARFSFÓLK

Við viljum að vinnustaðurinn sé öruggur og heilsueflandi og að samskipti einkennist af gildunum lipurð, þekking og ábyrgð. Við viljum að starfsfólk njóti virðingar og gerum því kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt. Við líðum ekki mismunun á vinnustaðnum og tryggjum að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.



LIPURÐ



ÞEKKING




ÁBYRGÐ

Siðareglur hafa þann tilgang að bæta starfsanda og ímynd fyrirtækisins. Reglurnar skerpa einnig á ábyrgð starfsfólks varðandi meðferð upplýsinga og undirstríka mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar njóti sanngirni og jafnræðis.

### Starfsánægja

Gallup framkvæmir árlega viðamikla vinnustaðagreiningu til að fá fram skoðanir og upplifun starfsfólks á fjölmögum þáttum sem snúa að starfsánægju. Helgun starfsfólks er einn mikilvægasti mælikvarðinn en helgun er mæld með þrettán spurningum, svokölluðum kjarnaspurningum. Spurningarnar byggja á áralöngum rannsóknum Gallup og snúa að upplifun starfsfólks á vinnustaðnum. Auk spurningar um heildaránægju er m.a. kannað hvort starfsfólk fái stuðning og hvatningu, hvort það sé metið að verðleikum, geti sagt álit sitt og fái hrós og endurgjöf. Meðaltal kjarnaspuringanna fór úr 4,32 í 4,34 á milli ára og er það hæsta einkunn sem Vínþúðirnar hafa fengið á þeim tíu árum sem könnunin hefur verið framkvæmd.

## HELGUN - NIÐURSTAÐA KJARNASPURNINGA



Í könnun SFR um stofnun ársins náði ÁTVR 4. sæti af stórum stofnunum og þar með ein af Fyrirmynadarstofnunum ársins.

Niðurstöðurnar eru kynntar starfsfólki. Á kynningunum er farið yfir niðurstöðurnar og samanburð við aðrar starfsstöðvar og fyrirtækið í heild, auk samanburðar við önnur fyrirtæki í gagnabanka Gallup. Samhliða vinnustaðagreiningu er framkvæmt yfirmannamat og fá allir sem hafa fimm eða fleiri undirmenn mat og sérstaka kynningu. Til viðbótar gefst starfsfólki kostur á að meta gæði innri þjónustu megin- og stoðsviða.

ÁTVR er þátttakandi í könnun SFR um Stofnun ársins. ÁTVR var í fjórða sæti af stórum stofnunum og þar með ein af Fyrirmynadarstofnunum ársins. Heildareinkunnið hækkaði úr 4,27 í 4,32 sem er hæsta einkunn sem ÁTVR hefur fengið í könnuninni. Til samanburðar var meðaltal heildareinkunna stærri stofnana 3,87.

## Heilsueflandi vinnustaður

Í samræmi við stefnu ÁTVR er starfsfólk hvatt með margvíslegum hætti til heilsueflingar. Í boði er líkamsræktarstyrkur og samgöngusamningur. Samningstímabil samgöngusamnings eru tvö, sumar og vetur. Þeir sem gera samgöngusamning skuldbinda sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti, að jafnaði þrisvar í viku eða oftart. Fleiri eru með samning yfir sumartímann, alls 141 starfsmaður, en 109 eru með vetrarsamning. Árlega er gerð könnun á meðal starfsfólks þar sem spurt er út í ýmsa þætti tengda samgöngusamningum og ferðamáta. Mikill meirihluti eða 84% af þeim sem tóku afstöðu er ánægðir með samninginn. Svipað hlutfall telur samninginn og hreyfingu í kjölfarið hafa jákvæð áhrif á heilsu og líðan.

Í mars var starfsfólk boðið upp á heilsufarsmælingu en þar eru mældir þættir eins og kólesteról, blóðsykur, blóðþrýstingur, fituprósent og BMI-stuðull. Á minni starfsstöðum er starfsfólk boðið upp á að leita til næstu heilsugæslustöðvar til að fá sambærilega mælingu.

Viðburðadagatal er gefið út tvisvar á ári. Þar er að finna tilkynningar um kennslu Vínskólans og fyrilestra og uppákomur tengdar heilsueflandi vinnustaðu. Á árinu var hafist handa við að móta langtíma stefnu tengda heilsu og vellíðan. Umbótaþópur skilaði niðurstöðum og verða þær notaðar til að móta aðgerðir næstu missera. Fjölmargir fyrilestrar og viðburðir voru á dagskrá ársins, þar sem bæði var hugað að líkamlegri og andlegri heilsu. Starfsfólk var hvatt til þátttöku í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna, sem eru skemmtilegar keppnir sem hvetja fólk til hreyfingar. Í Lífshlaupinu var Vínþúðin í fyrsta sæti í sínum flokki hvað varðar fjölda daga og í öðru sæti hvað varðar fjölda mínumútna, annað árið í röð. Alls voru 30 lið skráð til þátttöku með 183 starfsmönnum. Í Hjólað í vinnuna náði Vínþúðin öðru sæti í sínum stærðarflokki.



starfsmaður með samgöngusamning yfir sumartímann

## Kjarasamningar og jafnlaunaúttekt

Starfsfólk fær greidd laun í samræmi við kjarasamninga fyrir utan forstjóra, sem heyrir undir kjararáð. Fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins gerir kjarasamning við viðkomandi stéttarfélög, auk þess sem ÁTVR hefur gert stofnanasamning um nánari útfærslur kjarasamningsins við annars vegar SFR og hins vegar einstök félög háskólamenntaðra starfsmanna.

ÁTVR hefur tvisvar sinnum hlutið Gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC. Áfram var unnið með innleiðingu á jafnlaunaastaðli og standa vonir til að hægt verði að klára verkefnið fyrir mitt ár 2018.



## Upplýsingagjöf


Til að gera starfsfólk kleift að sinna starfi sínu af kostgæfni er mikil áhersla lögð á að veita sem bestar upplýsingar um allt sem snýr að rekstri. Á árinu var innleiddur nýr samskiptavefur, Workplace, sem kom í staðinn fyrir innri vef. Innleiðingin gekk vel og voru yfir 80% starfsmanna farnir að nota vefinn á fyrstu vikunum. Reglulegir starfsmannafundir eru haldnir á öllum stærri starfsstöðvum til að tryggja upplýsingaflæði. Fréttabréf starfsfólks, Flóskuskeytið, var gefið út fimm sinnum á árinu. Blaðið er sent heim til starfsfólks en það er m.a. gert til að gefa fjölskyldunni innsýn í starfsemina og félagslífíð. Enda eru myndir úr félagslífinitu og frá viðburðum fyrirtækisins líklega vinsælasta efnið þótt í blaðinu sé að finna fjölbreytt efni, bæði fréttir og fróðleik.

## Slysaskráning og fjarvistir vegna veikinda

Vinnuslys voru sjö á árinu og stendur fjöldinn í stað á milli ára. Sex slys urðu á starfsstöð en einn starfsmaður lenti í reiðhjólaslysi á leið til vinnu. Langtímarkmiðið er að sjálfsögðu slysalaus vinnustaður.

Fjarvistir vegna veikinda og veikinda barna sem hlutfall af unnum vinnustundum voru 2,4% og hefur þeim fækkað á milli ára, voru 2,5% árið 2016. Í heildina eru fjarvistir kvenna 2,3% og karla 2,5%.

Fjarvistir vegna veikinda og veikinda hefur  
þeim fækkað á milli ára.



## Starfsmannafjöldi og ársverk

Í árslok störfuðu samtals 242 fastráðir starfsmenn, 126 konur og 116 karlar, hjá fyrirtækini. Í desember voru starfsmenn alls 507, bæði fastráðir og tímapinnufólk, þar af voru 307 konur og 200 karlar. Tímapinnufólk er starfsfólk sem vinnur á álagstímum, seinni hluta vikunnar, í sumarafleysingum og um jól. Af þeim sem voru í vinnu í desember voru 36% í fullu starfi, 12% í hlutastarfi og 52% í tímapinnu.

Starfsmannavelta hjá fyrirtækini í heild var 29%. Mesta starfsmannaveltan er hjá starfsfólk í tímapinnu, eða 39%, en minnst hjá starfsfólk í hlutastarfi, 7%. Í viðauka í lið GA-LA1 má sjá sundurliðun starfsmannaveltu eftir ráðningarformi, aldri og kyni.

Heildarfjöldi starfsmanna sem fékk greidd laun á árinu var 738. Umreknað í ársverk voru þau 334 í samanburði við 312 árið áður. Í heildina hefur ársverkum því fjlgað um 7% á milli ára. Ný Vínþúð var opnuð í Garðabæ seinni hluta ársins og var opnunartími á landsbyggðinni lengdur og sérstakur vetrartími aflagður sem hefur áhrif til aukningar.



## Námskeið og starfsþróun

Að veita framúrskarandi þjónustu krefst þekkingar. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk hugi að þekkingu sinni og er mest öll fræðsla innan végbanda Vínskóla Vínbúðanna. Alls starfa hjá fyrirtækini 16 vínráðgjafar á mismunandi starfstöðvum sem allir hafa lokið alþjóðlegu prófi (WSET). Í þjónustukönnun voru viðskiptavinir spurðir um afstöðu til þekkingar starfsfólks, hlutfall jákvæðra hefur lítillega lækkað á milli ára en niðurstaðan er engu að síður góð, 78% telja starfsfólk Vínbúðanna búa yfir mjög eða frekar mikilli þekkingu en eingöngu 3% telja þekkinguna mjög eða frekar litla.

Samanlagt voru námskeiðsstundir tæplega 5.700 sem samsvarar rúmum tveimur dögum á hvert stöðugildi. Ekki eru í þessum töluum tímar yfir fyrirlestra og þátttöku starfsfólks í símenntun hjá Stjórnvísni, Dokkunni, hjá upplýsingatækniþýrtækjum og háskólasamfélögnum.

Samanlagt voru námskeiðsstundir tæplega  
5.700 sem samsvarar rúmum tveimur dögum á  
hvert stöðugildi.

# VIÐ GISKUM EKKI

## SAMFÉLAGIÐ – ÁBYRGIR STARFSHÆTTIR

Við viljum vera fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitum leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af starfseminni.

<b>2001</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Samfélagsleg ábyrgð fyrst nefnd í stefnu</li></ul>	<b>2004</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Árangursmælingar innleiddar</li></ul>
<b>2005</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Aukin áhersla á samfélagslega ábyrgð</li></ul>	<b>2008</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Norrænt samstarf í samfélagslegri ábyrgð. Vinna hefti við gerð síðareglna með áherslu á aðfangakeðjuna</li></ul>
<b>2010</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Sjálfsmat CSR byggt á EFQM</li></ul>	<b>2011</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Lög um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011</li></ul>
<b>2012</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>ISO26000</li><li>Stofnsamningur við birgja tók að fullu gildi</li><li>ÁTVR aðili að Global Compact</li></ul>	<b>2013</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Ársskýrsla 2012 í samræmi við GRI sjálfbærnivísá – G3.1</li><li>Endurtekið CSR sjálfsmat</li><li>Jafnlaunavottun</li><li>ÁTVR aðili að Festu</li></ul>
<b>2014</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Árangursmælingar endurmetnar</li><li>Aukið úrvall fjölnota pokas</li><li>Ársskýrsla 2013 í samræmi við GRI sjálfbærnivísá – G4</li></ul>	<b>2015</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Ársskýrsla 2014 í samræmi við GRI sjálfbærnivísá – G4</li></ul>
<b>2016</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Þátttaka í Loftslagsfyrlysingu Festu og Reykjavíkurborgar</li><li>Ársskýrsla gefin út á rafrænu formi</li></ul>	<b>2016</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Jafnlaunavottun</li><li>Kuðungurinn</li></ul>
<b>2017</b>		<ul style="list-style-type: none"><li>Græn skref í ríkisrekstri innleidd í allt fyrirtækið</li><li>Könnun á samfélagsábyrgð</li></ul>			

## Fyrirkomulag einkasölu áfengis á Íslandi

Á undanförnum misserum hefur átt sér stað mikil umræða um fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi. Ítrekað hefur verið lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að afnema núverandi fyrirkomulag og leyfa sölu á áfengi í almennum verslunum s.s. matvöruverslunum. Málið hefur verið rætt á Alþingi en ekki komið til atkvæðagreiðslu. Í könnun sem Gallup framkvæmdi voru landsmenn spurðir um afstöðu til fyrirkomulags áfengissölu. Niðurstaðan er aukin ánægja með núverandi fyrirkomulag og eru 71% ánægðir, 16% hlutlausir og 13% óánægðir.

Vaxandi fylgi er við núverandi fyrirkomulag og eru 71% ánægðir, 16% hlutlausir og 13% óánægðir.

## Skilríkjaeftirlit og skilaboð til ungra viðskiptavina

Skilríkjaeftirlit er einn af mikilvægustu þáttunum í samfélagslegri ábyrgð. Markmiðið er að tryggja að allir viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Starfsfólk er þjálfað til að spryja alla viðskiptavini sem virðast 24 ára eða yngri og ekki síst þá sem gætu verið undir 20 ára. Til að efla starfsfólk í skilríkjaeftirliti eru framkvæmdar hulduheimsóknir sem felast í því að 20-24 ára viðskiptavinir fara í Vínbúðir til að versla og skila upplýsingum til rannsóknaraðila um hvort spurt hafi verið um skilríki. Hulduheimsóknir eru framkvæmdar í öllum stærri Vínbúðum þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Að meðaltali eru þrjár heimsóknir í mánuði í hverja Vínbúð. Á árinu var árangurinn 85% en markmið ársins var eins og undanfarin ár – 88%.



Til að leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð sem felst í aldurseftirliti viðskiptavina hafa í gegnum árin verið birtar auglýsingar til að vekja athygli á því hversu erfitt er að giska á aldur viðskiptavina. Á árinu var auglýsingaherferðin Röðin birt í fjölmöldum. Herferðin er á léttu nótunum og til þess fallin að vekja athygli á því hversu erfitt er að giska á aldur. Markmiðið er að vekja umræðu um málefnið og hvetja viðskiptavini til að vera meðvitaðir um mikilvægi þess að sýna skilríki að eigin frumkvæði.



## Könnun á samfélagsábyrgð

Gallup framkvæmdi könnun á meðal almennings um afstöðu til samfélagsábyrgðar ÁTVR. 68% aðspurðra telja að ÁTVR sýni mikla eða nokkra samfélagslega ábyrgð en 11% telja að fyrirtækið sýni enga samfélagslega ábyrgð. Niðurstaðan er svipuð og í fyrri könnun sem framkvæmd var 2015, heldur fleiri telja þó að samfélagsábyrgðin sé meiri og þeim hefur fækkað sem telja að samfélagsábyrgðin sé engin. Helstu ástæður þess að fólk upplifir að fyrirtækið sýni samfélagslega ábyrgð eru forvarnir og fræðsla og að ungmennum sé ekki selt áfengi, einnig eru nefnd atriði eins og umhverfismál.

## Styrkir

Árlega styrkir ÁTVR fjölmarga aðila sem sinna ýmsum mannúðar- og forvarnarmálum. Megináherslan er þó lögð á að styrkja þá sem starfa að rannsóknum og forvörnum á sviði áfengis og vímuefna.

## Umhverfismál

ÁTVR er eitt af 104 fyrirtækjum sem taka þátt í samstarfsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. ÁTVR hefur þess vegna sett sérloftslagsmarkmið til ársins 2030.

Í meginatriðum eru markmiðin að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, innleiða sjálfbærni í ferla fyrirtækisins, mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu fyrرنefndra þáttu. Umhverfisstjórnun byggir m.a. á mælingum þar sem notast er við grænt skorkort og svokallaðan GRI staðal (Global Reporting Initiative) við skrásetningu margvíslegra aðgerða í þágu samfélagsins.

## Græn skref

ÁTVR heldur grænt bókhald og er jafnframt þátttakandi í Grænum skrefum í ríkisrekstri.

Græn skref eru leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlistum og fá viðurkenningu frá Umhverfisstofnun þegar hverju skrefi er náð. Alls eru skrefin fimm. Í upphafi árs var sett markmið um að allar Vínþúðir væru búnar að innleiða öll fimm skrefin á árinu. Það tókst og hafa því Græn skref verið innleidd á allar starfsstöðvar.



## Endurvinnsla

Unnið var að fjölmögum verkefnum á sviði umhverfismála og með samstilltu átaki tókst að halda 92% endurvinnsluhlutfalli. Pappi og plast eru fyrirferðarmiklir flokkar og stöðugt er unnið að því að minnka magn af blönduðum úrgangi sem ekki fer til endurvinnslu. Þar sem því verður við komið er viðskiptavinum gert kleift að nálgast pappakassa til að endurnýta.



## Plastpokar og fjölnota pokar

Viðskiptavinum fjölgæði um 4% á árinu, voru alls 4,9 milljónir. ÁTVR hefur með markvissum hætti hvatt viðskiptavini til að draga úr notkun plastpoka með því að bjóða fjölbreytt úrvall af fjölnota pokum á hagstæðu verði. Sala á fjölnota pokum jókst um tæplega 27% á árinu, alls voru seldir 41 þúsund pokar. ÁTVR hefur sett sér það markmið að verða plastpokalaus og er einn liður í því að hækka verð á plastpokum. Pokarnir hækkuðu í verði um 10 kr. 1. september og 10 krónur 1. janúar 2018. Hækjunin er greidd í Pokasjóð sem styrkir fjölmög verkefni á svíði samfélagsmála. Sala plastpoka dróst saman um 6,5% á milli ára. Engu að síður keyptu um 32% viðskiptavina plastpoka, eða tæplega 1,6 milljónir poka. Í áratugi hefur ÁTVR gefið viðskiptavinum brúna flöskubréfpoka. Á árinu var gefin tæplega 1,1 milljón poka og minnkaði magn í umferð um 41% á milli ára. Í lok ársins var ákveðið að hætta dreifingu á bréfpokunum frá og með 1. janúar. Markmiðið er að draga úr umhverfisáhrifum en gera má ráð fyrir að í flestum tilfellum endi flöskupokarnir sem rusl eða séu settir í endurvinnslutunnu þegar heim er komið.

	2017	2016	% breyting
Seldir lítrar	21.866.826	20.886.356	4,8%
Fjöldi viðskiptavina	4.919.365	4.730.677	4,0%
Seldir plastpokar	1.576.774	1.686.635	-6,5%
Bréfpokar gefnir viðskiptavinum	1.087.000	1.847.000	-41,1%
Margnota burðarpokar	41.359	32.625	26,8%
Seldir maíspokar	5.000	61.392	-91,9%
Hlutfall viðskiptavina sem kaupa plastpoka	32,1%	35,7%	-10,1%



## Hjólavottaður vinnustaður

Hjólavottun vinnustaða er til að innleiða bætta hjólreiðamenningu og þar með hvetja til þess að notaður sé umhverfisvænn ferðamáti. Vinnustaðir geta fengið viðurkenningu í þremur flokkum, þ.e. gull, silfur og brons, eftir því hve hjólreiðavænir þeir eru. Vínbúðin fékk gullvottun árið 2016 og var um leið fyrsti vinnustaðurinn á Íslandi til að fá slíka vottun. Samgöngusamningar og bætt aðstaða starfsfólks og viðskiptavina eru meðal aðgerða sem eru til þess fallnar að stuðla að bættri hjólreiðamenningu.



## Matjurtagarður

Til að stuðla að sjálfbærni var haldið áfram með matjurtagarð á lóðinni á Stuðlahálsi. Garðurinn var stækkaður lítillega til að auka fjölbreytni í ræktun. Í garðinum voru ræktaðar ýmsar tegundir t.d. rabarbari, rifsber, kryddjurtrir, kartöflur, grænkál og jarðarber. Uppskeran var nýtt í mótneytti starfsfólks. Mikil ánægja er með uppskeruna og markmiðið er að halda áfram með ræktunina.

# AUKIÐ VÖRUVAL MEÐ SÉRPÖNTUN



## EIGANDINN

Við viljum að sátt ríki í samféluginu um núverandi fyrirkomulag á smásölu áfengis. Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta reksturinn

### Rekstur

Stór hluti tekna er með einum eða öðrum hætti hluti af tekjum ríkissjóðs þ.e. í formi áfengis- og tóbaksgjalda, virðisaukaskatts og arðs. Í ár nam þessi upphæð um 25.122 m.kr. en var 23.348 m.kr. árið 2016. Alls nam arður ÁTVR til ríkissjóðs 1.750 m.kr.

### HLUTUR RÍKISSJÓÐS AF BRÚTTÓSLU ÁTVR

	2017	2016	2015
Magngjald tóbaks	5.500.056	5.530.208	5.650.429
Arður til ríkissjóðs	1.750.000	1.000.000	1.500.000
Áfengisgjald*	12.889.298	11.950.683	9.366.459
Virðisaukaskattur	4.982.341	4.866.843	7.049.169
	<b>25.121.695</b>	<b>23.347.734</b>	<b>23.566.057</b>

\*Áfengisgjald reiknað út eftir seldu magni

1. janúar voru gerðar breytingar á áfengisgjöldum þannig að gjöld á alla flokka þ.e. bjór, léttvín og sterkt áfengi, hækkuðu um 4,7%. Á sama tíma var tóbaksgjald hækkað þannig að gjald á sígarettur (vindlinga) hækkaði um 4,7% en gjald á neftóbak hækkaði um 77,2% og á vindla og annað tóbak um 62,6%.

## Hagnaður og sölutölur

Hagnaður ÁTVR var 1.367 m.kr. í samanburði við 1.629 m.kr. árið 2016. Rekstrartekjur ársins voru 34.276 m.kr. Rekstrargjöld námu 32.937 m.kr. Þar af var vörunotkun 29.066 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.547 m.kr. eða 3,9% miðað við 5,6% á fyrra ári. Arðsemi eiginfjár á árinu var 30,7%.



## Sala áfengis


Tekjur af sölu áfengis voru 24.942 m.kr. án vsk. og hækkuðu um 5,5% á milli ára. Alls voru seldir 21,9 milljónir lítra af áfengi. Sala ársins var 4,8% meiri í lítrum í samanburði við fyrra ár. Sala á sterkt áfengi (>22% alk.) jókst um 6,3% en sala á léttvíní (<=22% alk.) jókst um 4,4% og á bjór um 4,8%.

## Sala tóbaks


Tekjur af sölu tóbaks drögust saman um tæplega 1% á milli áranna 2016 og 2017 og voru 9.252 m.kr. án vsk. Tóbakssala dróst saman í öllum flokkum, mest í reyktóbaki 29%, vindlum um 13%, neftóbaki um 5,8% og sígarettum (vindlingum) um 9,4%.



BREYTING Á SÖLU ÁFENGIS EFTIR FLOKKUM  
2016-2017



BREYTING Á SÖLU TÓBAKS 2016-2017



## Framkvæmdir

Í árslok 2017 rak ÁTVR 51 Vínbúð auk vefbúðar, þar af eru 14 á höfuðborgarsvæðinu. Opnuð var ein ný Vínbúð í Garðabæ.

Vínbúðin á Flúðum var stækkuð og endurbætt. Vínbúðin í Vík opnaði í febrúar eftir gagngerar breytingar og stækkun. Vínbúðin á Höfn fékk stærra húsnæði og var endurbætt. Í nóvember opnaði ný og glæsileg Vínbúð í Garðabæ en ekki hefur verið Vínbúð í bæjarféluginu frá því í janúar 2011.

## Dreifing

Með markvissri vörustjórnun er leitað leiða til að koma vörum til Vínbúða með sem skilvirkustum hætti um leið og hugað er að því að lágmarka umhverfisáhrif flutninganna. ÁTVR dreifar vörum með eigin bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu, til Akraness, Borgarness, Reykjanesbæjar, Grindavíkur og á Suðurland allt til Hvolsvallar. Aðrir flutningar er boðnir út.

Ný Vínbúð opnaði í  
Garðabæ og þrjár aðrar  
Vínbúðir voru  
endurnýjaðar á árinu.





## BIRGJAR

Við gætum jafnræðis við val og dreifingu á vöru. Lögð er áhersla á að upplýsingagjöf til birgja sé sem best. Birgjar hafa aðgang að sérstökum þjónustuvef sem veitir þeim aðgang að upplýsingum sem þá varða.

### Stefna og framkvæmd ÁTVR gagnvart birgjum

Leyfi til innflutnings á áfengi er skilyrði fyrir því að hægt sé að sækja um vörur í reynslusölu. Áður en viðskipti geta hafist þarf birgir að undirrita stofnsamning um vörukaup áfengis. Samningurinn er heildarsamningur og tekur til allra vörukaupa ÁTVR frá birgi og veitir jafnframt aðgang að þjónustuvef. Jafnframt kveður samningurinn á um réttarstöðu aðila á grundvelli reglugerðar um vörual, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (Nr. 1106/2015).

### Birgjavefur, fundir og viðhorfskannanir

Á birgjavefur eru margvislegar upplýsingar ætlaðar birgjum. Stöðugt er unnið að endurbótum á framsetningu og uppsetningu á vefnum. Seinni hluta ársins voru gerðar breytingar þannig að birgjar geta með einföldum hætti komið vörum sem ekki eru í vörvali Vínbúðanna í sölu í vefbúð. Breytingunni er ætlað að auka þjónustu við viðskiptavini en jafnframt að auðvelda birgjum þegar viðskiptavinur vill sérpanta vöru. Á vefnum hafa birgjar yfirsýn yfir stöðu umsókna, geta nálgast söluskýrslur og framlegðarskrá en auk þess eru birtar almennar fréttir sem snúa að samskiptum birgja og ÁTVR.

Nú er einfalt að skrá vörur í vefbúð sem ekki eru í vörvali og auðvelda viðskiptavinum þannig að sérpanta vörur

EFNAHAGSREIKNINGUR EFTIR HAGSMUNAAÐILUM

	Hagsmunaaðili	2017	2016	2015
<b>Tekjur</b>				
Sala áfengis og tóbaks	Viðskiptavinir	34.304	33.067	29.385
<b>Gjöld</b>				
Vörunotkun (vörur og þjónusta)	Birgjar	30.432	29.283	26.239
Laun og launatengd gjöld	Mannauður	2.463	2.124	1.893
Arður	Eigandi	1.750	1.000	1.500
Félagslegar fjárfestingar	Samfélagið	42	32	32
<b>Eftirstöðvar</b>		<b>-383</b>	<b>629</b>	<b>-279</b>

Upphæðir í m.kr.

## G4-EC2

ÁTVR hefur ekki metið fjárhagslega og aðra áhættu vegna loftslagsbreytinga á starfsemi fyrirtækisins. Öll bein losun er kolefnisjöfnuð.

ÁTVR gerir sér grein fyrir því að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru staðreynd. Til að vinna markvisst að því að minnka vistspor hefur fyrirtækið tekið þátt í Loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar ásamt 104 öðrum fyrirtækjum og einnig eru öll starfsemi undir Grænum skrefum í ríkisrekstri. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verð innleidd í ferla fyrirtækisins. ÁTVR var tilnefnt til Loftslagsviðurkenningar Festu og Reykjavíkurborgar.

Fyrirtækið hefur unnið með systurfyrirtækjum sínum á Norðurlöndum á lífsferilsgreiningu á vörusafni. Þar kom fram að mestu umhverfisáhrifin liggja í umbúðum, einnig orkunotkun hjá framleiðendum í verksmiðjum. Niðurstöður úr þeiri vinnu varða veginn til 2030 en markmiðið er að lágmarka vistspor í aðfangakeðjunni og hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

ÁTVR tók þátt í tveim fyrilestrum varðandi loftslagsmarkmið. Með Dokkunni: Loftslagmarkmið fyrirtækja - hver eru þau? Einnig hjá Festu í vinnustofu um Loftslagsmarkmið, kallaðist erindið: Dæmi um loftslagsmarkmið fyrirtækis.

## G4-EC9

### HLUTFALL INNKAUPA FRÁ BIRGJUM ÚR NÆRSAMFÉLAGI

ÁTVR skilgreinir Ísland sem nærsamfélag sitt. Allar vörur eru keyptar af innlendum áfengis- og tóbaksbirgjum. Virkir áfengisbirgjar eru um 75 talsins og tóbaksbirgjar 5.

Helstu niðurstöður viðhorfskönnunar á meðal áfengis- og tóbaksbirgja. Könnunin var gerð í maí og júní 2017.

	Ánægðir	Hlutlausir	Óánægðir
Ánægja með ÁTVR á heildina litið .....	78%	14%	8%
Tryggja vörvalsreglur hlutleysi gagnvart birgjum? .....	57%	19%	24%
<hr/>			
	Þekkja vel	Hvorki vel né illa	Þekkja illa
Þekkja ákvæði um samfélagslega ábyrgð í stofnsamningi .....	44%	45%	11%

## G4-EN1

### NOTKUN Á HRÁEFNI EFTIR ÞYNGD EÐA MAGNI

Sólarræsting sér um ræstingar á Stuðlahálsi og var fyrsta Svansvottaða ræstingarfyrirtækið á Íslandi. Í Vínbúðum sér starfsfólk um þrif. Árið 2017 voru notaðir 722 lítrar af ræstiefnum og eru 82% þeirra umhverfisvottaðir, ýmist með norræna umhverfismerkinu Svaninum eða Evrópublóminu, umhverfismerki ESB. Unnið er að því að allar ræstingarvörur verði umhverfisvottaðar.

Átak var gert í að minnka sölu plastpoka og var verð á þeim hækkað í 30 krónur 1. september og skilaði sú aðgerð árangri.

	2015	2016	2017	Markmið 2017
<b>Prentun</b>				
Skrifstofupappír	6,7	6,1	5,4	6,0 kg/stg.
Prentun umhverfisvottuð	97%	100%	100%	100% hlutfall
<b>Einnota vörur</b>				
Plastglös	0	0	0	0 stk./stg.
Pappamál	5	9	14	5 stk./stg.
<b>Ræstiefni</b>				
Sólarræsting	100%	100%	100%	100% hlutfall
Ræstivörur	87%	90%	82%	90% hlutfall
<b>Umbúðir</b>				
Seldir plastpokar	83.596	80.830	72.108	70.000 stk./m.ltr.
Strekkifilma	418	463	766	475 kg/m.ltr.

## G4-EN3

### BEIN ORKUNOTKUN EFTIR ORKUTEGUND

#### Stuðlaháls

Þriðjungur raforkunotkunar fyrirtækisins er á Stuðlahálsi. Til að fylgjast með orkunotkun er í notkun sérstakt hússtjórnarkerfi sem vaktar notkun rafmagns og hita og stýrir álagi á Stuðlahálsi 2 en þar eru höfuðstöðvar fyrirtækisins, dreifingarmiðstöð og Vínbúðin Heiðrún. Í grænu skorkorti er sett markmið og fylgst með orkunotkun. Græn skref í ríkisrekstri voru innleidd í allar Vínbúðir á árinu og var orkunotkun einn liðurinn.

Til einföldunar er notkunin umreiknuð í meðalheimilisnotkun og markmið og mælingar miðast við hana. Rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi var sambærileg notkun 127 heimila (634.111 kWst) og minnkaði um 3% milli ára. Unnið hefur verið að því að setja upp LED ljós og er það ein helsta skýringin á minnkandi raforkunotkun. Heitt vatn samsvaraði notkun 137 heimila (78.551 m3) og jökst milli ára.

Ástæðan fyrir aukningu á heitu vatni eru bilanir í hitaveitukerfi.

#### Rafmagnsnotkun Vínbúða

ÁTVR þekkir til fulls rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi 2 og á 8.604 fermetrum Vínbúða (32) eða um 72% heildarfermetrafjölda Vínbúða. Almenna raforkunotkunin var 913 MWst á þessum fermetrum. 5 Vínbúðir er með rafhitun og nota 183 MWst. ÁTVR hefur ekki fullnægjandi vitnesku um rafmagnsnotkun í leiguþúsnaði þar sem rafmagn er hluti af leiguverði eða öðrum rekstrakostnaði. Heildarnotkun er áætluð 1,5 GWst. Það er aukning um 1% frá fyrra ári en aukning var í verslunarrými, opnunartíma og seldu magni.

#### Heitavatnsnotkun Vínbúða

Vitneskja um heitavatnsnotkun er sömu takmörkunum háð og vitneskja um rafmagnsnotkun.

ÁTVR þekkir til fulls heitavatnsnotkun á Stuðlahálsi 2 og 6.162 fermetrum Vínbúða (20) eða um 52% af heildarfermetrafjölda Vínbúða.

Heitavatnsnotkunin var 29.727 m3 á þessum fermetrum.

Heildarnotkun er áætluð 57.273 m3 sem gerir um 4,8 rúmmetra á hvern fermetra Vínbúða. Það er aukning um 2,5 % frá fyrra ári.

Umreiknað miðað við heildarfermetrafjölda húsnæðis er áætluð notkun rafmagns um 2,1 GWst á ári og á heitu vatni 136 þúsund rúmmetrar.

Útblástur gróðurhúsaloftegunda vegna notkunar raforku er áætlaður 22 tonn og fyrir heitt vatn 61 tonn. Í útreikningum er miðað við nýjustu tölu í skýrslu Umhverfisstofnunar, National Inventory Report 2017, 10,1 g/kWst og rúmmetrar heita vatnsins margfaldaðir með 44,4 til að breyta í kWst.

Unnið er eftir Heimsmarkmiði #7 Sjálfbær orka en lang stærsti hluti af raforkunni er keyptur af Orkusölunni og er uppruni raforku 100% vatnsorka.

Stuðlaháls	2015	2016	2017	Markmið 2017	Mism. 16/17	Útreikningar
<b>Orkunotkun</b>						
Rafmagn	130	131	127	133	-3%	Heimili (5,0 MWst pr. ár)
Heitt vatn	47	60	76	60	27%	Heimili (573,3 m <sup>3</sup> )
Heitt vatn - snjóbræðsla	66	60	61	60	2%	Heimili (573,3 m <sup>3</sup> )
<b>Rafmagn Vínbúðir</b>						
	m <sup>2</sup>	kWst		kWst/m <sup>2</sup>	Heimili	Útreikningar
32 af 50 Vínbúðum	8.604	912.747		106	183	Heimili (5,0 MWst pr. ár)

## G4-EN6

### LÆKKUN Á ORKUNOTKUN

Í allri starfsemi ÁTVR er lögð áhersla á orkusparnað og að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda og fléttast það inn í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 13 Verndun jarðarinnar.

Markvisst unnið að innleiðingu á LED lýsingu í viðhaldi á Vínbúðum. Í byrjun árs 2016 var Vínbúðin á Akranesi endurnýjuð og skipt út glóperum og LED lýsing sett þar sem henni var viðkomið. Einnig voru settir nýir ofnar ásamt því að rafmagn og pípulagnir voru endurnýjaðar í heild sinni.

Lækkun á raforkunotkun er um tæp 40% frá því að lýsing var endurnýjuð. Hér er notkun í Vínbúðinni á Akranesi frá árinu 2005

Ársnotkun - kWh



LED ljós eða sparpera er sett upp þegar Vínbúðir eru endurnýjaðar.

Helsti kostur sparperunnar er 80% orkusparnaður miðað við glóperu, hún endist í 6-10 ár og ekki er hætta á íkveikju vegna ofhitnunar.

## G4-EN8

### NOTKUN VATNS EFTIR UPPRUNA

Allt kalt neysluvatn kemur úr vatnsbólum. Vínbúðir í Reykjavík fá vatn úr Gvendarbrunnum í Heiðmörk. Vínbúðin Dalvegi fær vatn frá vatnsveitu Kópavogs. Mælar fyrir kalt vatn eru á fimm stöðum á landinu. Fjórir á höfuðborgarsvæðinu og einn í Vestmannaeyjum. Hér er greint frá notkun á Stuðlahálsi og Vestmannaeyjum.

Að mati Orkuveitu Reykjavíkur nýtir hver íbúi á veitusvæði hennar um 200 lítra á dag af köldu vatni eða 73 rúmmetra á ári. Sala á köldu vatni í Vestmannaeyjum fer um rennslismæla og er nýtingin um 170 lítrar af köldu vatni á dag á hvern íbúa eða 62 rúmmetrar á ári. Kaldavatnsnotkun er líkt og rafmagn og heitt vatn umreknað yfir í áætlaða notkun meðalheimilis á veitusvæði OR.

Það hefur dregið úr kaldavatnsnotkun á Stuðlahálsi, en notkun jókst þegar sturtur voru teknar í notkun og viðhaldsframkvæmdir voru á árunum 2013 til 2014.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 6, hreint vatn og salernisaðstaða er eitt af stóru verkefnum ÁTVR og systurfyrirtækja á Norðurlöndum til ársins 2030. Markmiðið er að vinna í aðfangakeðjunni og leggja áherslu á að í frumframleiðslu sé farið vel með vatn og dregið verði úr efnanotkun í ræktun og í framleiðslu, einnig auka vatnsnýtni.

Kalt vatn (m <sup>3</sup> )	2017	Heimili	Útreikningar
<b>Orkunotkun</b>			
Stuðlaháls	14.525	50	Heimili (292 m <sup>2</sup> pr. ár)
Vestmannaeyjar	215	1	

## G4-EN15

### BEIN LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (GHL)

## G4-EN16

### ÓBEIN LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (GHL) Í GEGNUM ORKUNOTKUN

## G4-EN17

### ÓBEIN LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (GHL)

## G4-EN30

### MIKLSVERÐ UMHVERFISÁHRIF VEGNA FLUTNINGS Á FRAMLEIÐSLUVÖRUM OG ÖÐRUM VÖRUM OG HRÁEFNI SEM FYRIRTÆKIÐ NOTAR P.M.T. FERÐIR STARFSMANNA

ÁTVR gerir sér grein fyrir því að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru staðreynd. Með því að skrifa undir yfirlýsingu í loftlagsmálum skuldbindur fyrirtækið sig til að að draga úr þeim í starfsemi sinni. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, verndun jarðarinnar, númer 13 er hér í öndvegi.

ÁTVR kolefnisjafnar allan beinan útblástur, 135 tonn og flug 30 tonn, alls 165 tonn. Þar sem flug er keypt frá þriðja aðila þá verður til jákvætt kolefnisfótspor (e positive carbon footprint). Með því stuðlum við sjálfbærum rekstri.

Inn í kolefnisútreikninga hefur skógrækt ÁTVR á Stuðlahálsi verið tekin með í útreikninga. Áætlað er að gróðursett tré þeki tæpan hektara þá bindur skógrunn 4 tonn af gróðurhúsalofttegundum. Rannsóknir sýna að árleg meðalbinding í íslenskum skógum sé 4,4 tonn CO<sub>2</sub> á ha.

Helstu umhverfisáhrifum vegna vörudreifingar má skipta í tvennt, annars vegar losun koltvísýrings vegna eldsneytisbrennslu og hins vegar slit á vegnum vegna akstur.

### BEIN LOSUN - Akstur

ÁTVR rak, í árslok 2017, 51 Vínbúð sem seldu tæplega 22 milljónir lítra af áfengi, sem er nær eingöngu dreift miðlægt frá vöruhúsi á Stuðlahálsi. ÁTVR flytur um 80% áfengis með eigin bílum en býður út um 20%. Eigin bílar flytja um höfuðborgarsvæðið, Borgarnes, Akranes, suðurnesin og suðurland að Hvolsvelli. ÁTVR flytur tóbak á höfuðborgarsvæðinu með eigin bílum en býður út restina.

Því var markmið hækkað við eigin flutning en stóð með aðkeyptan.

Heildarnotkun eldsneytis á flutningabíla ÁTVR var 40.500 lítrar og eknir kílómetrar 121.762. Það er minni akstur en í fyrra, sem er áhugavert því söluaukning í lítrum var 4,8%. Árangurinn má skýra með betra skipulagi. Þrír sendiferðabílar óku 59.187 km og eydu 5.164 lítrum. Þetta samsvarar því að um 122 tonn af CO2 fari út í andrúmsloftið við vöruflutning.

Heildarnotkun eldsneytis á fólksbíla ÁTVR var 5.897 lítrar og eknir kílómetrar 66.822. Þetta samsvarar því að um 13 tonn af CO2 fari út í andrúmsloftið.

ÁTVR nýtti tólf dísilbíla á árinu 2017. Heildareldsneytisnotkun var 51.561 lítrar dísilolíu og eknir 247.771 kílómetrar. Bein heildarlosun 135 tonn af CO2 og bindur ÁTVR 4 tonn. Því eru 131 tonn kolefnisjöfnuð hjá Kolviði. Samkvæmt upplýsingum á vef Kolviðs er verð vegna kolefnisjöfnunar 2 kr./kg CO2. Kostnaður ÁTVR við kolefnisjöfnun vegna aksturs á bílum nam því 262.000 krónum. Eða samsvarandi því að gróðursetja 1.230 tré.

## ÓBEIN LOSUN - Umfang 2

Eldri tölur hafa verið uppfærðar vegna nýrri upplýsinga.

Áætlað er að notaðar hafi verið um 2,1 GWst rafmagn og 136 þúsund rúmmetrar af heitu vatni fyrir allan rekstur. Áætlaður útblástur er að 22 tonn\* losni við framleiðslu rafmagns og 61 tonn\*\* CO2 ígildi við framleiðslu heits vatn.

\*Losun hjá Orku náttúrunnar er um 10,1 g/kWst. National Inventory Report 2017

\*\*Margfaldað með 44,4 til að finna kWst.

## ÓBEIN LOSUN - Umfang 3

Umfang aksturs vegna dreifingar áfengis, 4,5 milljón lítra (20% af heildarsölu) á landsbyggðinni hjá þriðja aðila er 217 tonn af CO2. Miðað er við rauntölur í kolefnisfótspori frá Samskip 112,7 g/tonnkm. Árið 2016 var talan 121 g/tonnkm og þar áður 124 g/tonnkm. Því breytast tölur frá fyrri árum til samræmis.

### Flug starfsfólks

Þó flug falli undir óbein áhrif var ákveðið að kolefnisjafna allt flug. Starfsfólk ÁTVR flaug samtals 34 ferðir til og frá Íslandi á árinu 2017. Samkvæmt reiknilíkani Kolviði um kolefnislosun var losun samtals um 20 tonn CO2. Miðað við að verð kolefnisjöfnunar sé 2 kr./kg CO2 þá er kostnaður ÁTVR við kolefnisjöfnun flugs 40.000 krónur. Fjöldi trjáa sem þarf að gróðursetja er 189.

Í innanlandsflugi voru samtals 68 ferðir, flestar til Akureyrar. Samkvæmt reiknilíkani á Kolviði var losun samtals 10 tonn CO2. Miðað við að verð kolefnisjöfnunar sé 2 kr./kg CO2 þá er kostnaður ÁTVR við kolefnisjöfnun innanlandsflugs 20.000 krónur. Fjöldi trjáa sem þarf að gróðursetja er 96 og munu þau taka þátt í andardráetti Íslands um ókomin ár.

### Ferðavenjur til og frá vinu

Könnun á ferðavenjum starfsfólks til og frá vinnu var endurtekin. Niðurstaða var síu að 92 tonn af CO2 losna út í andrúmsloftið vegna samgangna starfsfólks. Betri niðurstaða en árið 2016 þrátt fyrir að ársverkum fjölgæði.

Þetta má þakka:

- Minni mengun úr einkabílum úr 157 gr/km í 144 g/km.
- Fjöldi samgöngusamninga og meðalvegalengd frá vinnustað voru svipuð á milli ára.

Markmiðið var að minnka losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu niður í 87 tonn og náðist það ekki alveg.

### Sjóflutningur tóbaks og áfengis

Með nákvæmari losunartölum frá flutningsaðilum, þá verða tölurnar raunhæfari. Í fyrri útreikningum var miðað við 10 g/tonnkm en núna eru 36 g/tonnkm.

Sjóflutningur neftóbaks er áætlaður 28 tonn og hækkar vegna þess að hráefnið kemur frá Filipseyjum en kom áður frá Brasilíu.

Sjóflutningur annars tóbaks minnkar vegna minni neyslu en miðað er við flutningsleiðina Reykjavík - Portland.

Langtíma markmið ÁTVR er að draga úr notkun jarðefnahnúinna bifreiða og nýta vistvænustu bíla sem verða í boði í framtíðinni. Stefnt er að því að útblástur minnki um 40% fyrir árið 2030. Í úrgangsmálum er markmiðið um endurvinnsluhlutfall 92% og stefnt að því að það verði 98% árið 2030. Urðaður úrgangur var um 26 tonn á síðasta ári og stefnt á að fara niður í 8 tonn eða 75% samdráttur.

## Bílaleigubílar og leigubílar

Höldur er með ISO 14001 vottun og voru allir bílar leigðir þaðan. Alls var keyrt 11.578 km og losun tæp 1,5 tonn. Leigubílar voru notaðir í 500 km og losuðu 60 kg, en stefnan hjá ÁTVR er að panta ávallt vistvænan leigubíl.

Á vef Vínbúðanna eru nánari upplýsingar um vinna fyrirtækisins í loftslagsmálum og uppfærast tölur reglulega. Starfsfólk ÁTVR vilja vera fyrirmund í samfélagslegri ábyrgð og mynda jákvætt kolefnisfótspor sem styður náttúruna okkar.

Tonn CO <sub>2</sub>	Áhrif	2015	2016	2017	Markmið 2017
Eigin fólksbílar	Bein	14	15	13	14
Eigin flutningabílar	Bein	78	109	109	111
Eigin sendiferðabílar	Bein	10	10	13	13
Raforkunotkun*	Óbein-2	20	22	22	22
Varmanotkun - heitt vatn*	Óbein-2	56	56	61	56
Keyptur flutningar áfengis*	Óbein-3	226	224	217	216
Flug innanlands	Óbein-3	10	10	10	10
Flug erlendis	Óbein-3	15	14	20	15
Starfsfólk, ferðir úr og í vinnum	Óbein-3	103	94	92	87
Bílaleigubílar og leigubílar*	Óbein-3	2	2	2	2
Urðun sorps*	Óbein-3	12	14	15	16
Sjóflutningar áfengis*	Óbein-3	1.976	2.048	2.115	**
Sjóflutningar tóbaks*	Óbein-3	34	32	29	**
Sjóflutningar neftóbaks*	Óbein-3	20	22	28	**
<b>Losun GHL - samtals</b>		<b>2.576</b>	<b>2.673</b>	<b>2.745</b>	
<b>Kolefnisjafnað</b>		<b>127</b>	<b>158</b>	<b>161</b>	
<b>Skógrækt ÁTVR</b>		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	
<b>Kolefnisfótspor</b>		<b>2.449</b>	<b>2.515</b>	<b>2.580</b>	
<b>CO<sub>2</sub> á selda Milljón lítra [tonn]</b>		<b>125,0</b>	<b>120,5</b>	<b>118,0</b>	-2%
<b>CO<sub>2</sub> á stöðugildi [tonn]</b>		<b>8,5</b>	<b>8,1</b>	<b>7,7</b>	-4%
Tonn CO <sub>2</sub>	Áhrif	2015	2016	2017	Breyting
Umfang 1	Bein	102	134	135	1%
Umfang 2*	Óbein	76	78	83	6%
Umfang 3*	Óbein	2.398	2.461	2.527	3%
<b>Losun GHL - samtals</b>		<b>2.576</b>	<b>2.673</b>	<b>2.745</b>	3%

\* Breyttar reikniforsendur

\*\* Ekkert markmið


Eknir km	2015	2016	2017
Fólksbílar	66.437	72.526	66.822
Eigin flutningabílar	86.537	121.987	121.762
Sendiferðabílar	45.886	47.068	59.187
Alls	198.860	241.581	247.771

Dísilolfa lítrar	2015	2016	2017	Með
Fólksbílar	6.946	6.983	5.897	
Eigin flutningabílar	30.036	39.577	40.500	
Sendiferðabílar	4.095	4.024	5.164	
Alls	41.077	50.584	51.561	

## EIGIN FLUTNINGUR – KOLEFNISFÓTSPOR ÁTVR

BEIN LOSUN CO<sub>2</sub>-ÍGILDI

Tonn



Vörur og þjónusta til fyrirtækisins

Fyrirtækið

Vörur og þjónusta frá fyrirtækinu

## G4-EN18

### UMFANG LOSUNAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (GHL)

Bein losun minnkað um 6% milli ára þegar miðað er við fjölda starfsfólks.

Heildarlosun koltvísýrings þar sem ÁTVR hefur bein áhrif er 135 tonn og allt flug er 30 tonn. Það gerir 494 kg af koltvísýring á hvern starfsmann fyrirtækisins.

Eingöngu er dísilolía notuð á tólf bifreiðar. Heildarnotkun er 51.562 lítrar eða 154 lítrar á hvern starfsmann. Heildarsala áfengislítra jókst um 4,8% á árinu.

Óbein losun er 2.610 tonn af koltvísýring sem eru um 7,8 kg á hvern starfsmann. Þó heildarlosun aukist vegna aukinnar lítrasölu þá er samdráttur losunar um 4% sé m.v. stöðugildi.

Heildar kolefnisspor ÁTVR er því 2.745 tonn en það vantar að reikna lífsferil vöru og innkaup til rekstur og því ekki endanleg tala.

Losunartölur hafa breyst og hækkað á milli ára vegna nýrra upplýsinga við útreikninga. Munar mest um sjóflutning vöru.

Tonn CO <sub>2</sub>	CO <sub>2</sub>	[kg] Stöðugildi 2017	[kg] Stöðugildi 2016*	Breyting %	Áhrif	Umfang	Kolefnis- jöfnun	1
Eigin bílar	135	404	429	-5,9	Bein	1	Kolefnisjafnað	1.2
Rafmagn	22	65	70	-6,6	Óbein	2		
Heitt vatn	61	182	179	1,6	Óbein	2		
Flug	30	90	77	16,8	Óbein	3	Kolefnisjafnað	2
Keyptur flutningur	217	650	718	-9,5	Óbein	3		
Starfsmenn, til og frá vinnu	92	275	301	-8,6	Óbein	3		
Sjóflutningar áfengis	2.115	6.332	6.564	-3,5	Óbein	3		
Sjóflutningar tóbaks	57	171	173	-1,4	Óbein	3		
Bílaleigubílar	2	5	5	-6,6	Óbein	3		
Urðun sorps	15	45	46	-1,3	Óbein	3		
<b>Kolefnisfótspor</b>	<b>2.745</b>	<b>8.219</b>	<b>8.562</b>	<b>-4,0</b>				

	Lítrar	Stöðugildi	Áhrif	Umfang*	Kolefnisjöfnun
Dísilolía 2017		51.562	154 ltr./stg.	Bein	1 Kolefnisjafnað
Dísilolía 2016		50.584	162 ltr./stg.	Bein	1 Kolefnisjafnað

ÁTVR kolefnisjafnar allan beinan útblástur, 135 tonn og flug 30 tonn, alls 165 tonn. ÁTVR bindur 4 tonn en 161 tonn eru kolefnisjöfnuð hjá Kolvið og er kostnaðurinn við það 322.000 krónur sem samsvarar því að gróðursett séu 1.515 tré.

Þar sem flug er keypt frá þriðja aðila þá verður til jákvætt sótspor (e positive carbon footprint). Með því stuðlum við sjálfbærum rekstri.

\* 1 bein áhrif: G4-EN15

2 óbein áhrif: G4-EN16

3 óben áhrif: G4-EN17

## G4-EN23

### MAGN ÚRGANGS OG FÖRGUN

Tonn	Umhverfisáhrif	2015	2016	2017	% breyting	CO <sub>2</sub> -e losun
<b>Endurunnið</b>						
Bylgjupappi	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu, óbein áhrif vegna flutnings	194	231	236	1,9	-1.582
Plastumbúðir	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu, óbein áhrif vegna flutnings	22,3	9,1	27,1	198,6	-12
Plast til Odda	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu		18,4	4,4	-75,9	-2
Gæðapappír	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	3,7	6,9	5,4	-21,3	-37
Önnur flokkun	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	3,4	9,8	18,7	90,2	-30
Lífrænt til moltugerðar	Hverfandi áhrif vegna endurvinnslu	4,8	5,1	5,2	3,0	-14
<b>Samtals endurunnið</b>		<b>228,0</b>	<b>280,5</b>	<b>296,5</b>	<b>5,7</b>	<b>-1.677</b>
<b>Urðað</b>						
Blandaður úrgangur	Jarðvegsmengun	20,6	24,6	25,9	5,2	15
<b>Samtals urðað</b>		<b>20,6</b>	<b>24,6</b>	<b>25,9</b>	<b>5,2</b>	<b>15</b>
<b>Samtals úrgangur</b>		<b>248,6</b>	<b>305,1</b>	<b>322,4</b>	<b>5,7</b>	<b>-1.661</b>
<b>Endurvinnsluhlutfall %</b>		<b>92</b>	<b>92</b>	<b>92</b>		
<b>Markmið %</b>		<b>90</b>	<b>91</b>	<b>92</b>		
<b>Grófur úrgangur</b>		<b>17,6</b>	<b>30,0</b>	<b>13,4</b>	<b>-55,4</b>	<b>0</b>
<b>Áætlaður heildarúrgangur</b>		<b>278</b>	<b>318</b>	<b>329</b>	<b>3,4</b>	
<b>Úrgangur pr. stöðugildi [tonn]</b>		<b>1,0</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>		

Með því að flokka úrgang til endurvinnslu í stað þess að urða hann má draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Eins og sést í töflu G4-EN23 flokkaði Vínbúðin 297 tonn af úrgangi. Þannig kom fyrirtækið í veg fyrir að út í andrúmsloftið losnuðu gróðurhúsalofttegundir sem jafngilda rúmlega 1.677 tonnum\*\* af CO<sub>2</sub>. Það samsvarar ársnotkun á 559 fólksbílum (m.v. 3 tonn losun á fólksbíl). Eða samsvarandi akstri allra bifreiða ÁTVR í 12 ár.

96% af verslunum m.v. lítrasölu eru með vigtaðan úrgang. Því má áætla að heildarumfang úrgangs sé 337 tonn, tæplega 27 tonn urðuð og 310 endurunnin. Heildarlosun CO<sub>2</sub> vegna urðaðs úrgangs er: 15,8 tonn\*

Grófur úrgangur tengist ekki daglegum rekstri heldur oftast tímabundnum framkvæmdum. Steinsteypa, innréttigar og byggingahlutar úr timbri.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna #12 Ábyrg neysla er eitt af mikilvægustu markmiðum ÁTVR. Stefnt var að 92% endurvinnsluhlutfalli úrgangs og það náðist. Markmiðið verður hækkað í 93% fyrir næsta ár. Markmiðið er að ná 98% endurvinnsluhlutfalli árið 2030. Innleiðing á Grænum skrefum í ríkisrekstri er mikilvægt skref til að ná þessum áfanga.

Fjárhagslegur ávinnungur er að því að flokka úrgang. Ef fyrirtækið byrfti að greiða förgunargjöld fyrir allan úrgang, þá væri kostnaður tæpar 5 milljónir en í staðan fær fyrirtækið tekur upp á tæpar 2 milljónir fyrir sölu á pappír og plasti. Endurvinnsluhlutfall fyrirtækja á Íslandi eru undir 50% og því liggja mikil verðmæti í ruslinu.


\* Blandaður úrgangur margfaldaður með stuðlinum 0,58. Magn CO<sub>2</sub> í urðuðum úrgangi er úr LCA forriti Eflu, Gabí (meðaltalstala frá Frakklandi, Bretlandi, Finnlandi og Noregi)

\*\* Bylgjupappi er margfaldaður með CO<sub>2</sub>-íglidis stuðlinum 6,71, plastumbúðir með stuðlinum 0,433, lifrænt til moltugerðar með 2,754 og grófur úrgangur og önnur flokkun með 1,6. Miðað er við að viðbótavina tækja sem valda útblæstri koldíoxíðs sé sambærileg hvort sem bylgjupappinn og pappírinn er fluttur á urðunarstað til urðunar eða fluttur úr landi til endurvinnslu. Metan er margfaldað með stuðlinum 25. Heimild: Guidelines for the use of LCA in the waste management sector, eftir Helgu J. Bjarnadóttir, Guðmundur B. Friðriksson ofl.

## ÚRGANGUR – KOLEFNISFÓTSPOR ÁTVR

### ÓBEIN LOSUN CO<sub>2</sub>-ÍGILDI

Tonn



## G4-EN27

UMFANG AÐGERÐA SEM STUDLA AÐ MINNKUN UMHVERFISÁHRIFA Á FRAMLEIÐSLU OG/EÐA ÞJÓNUSTU

Lífrænt ræktuð vín	Fjöldi teg.	Seldir ltr.	% af seldum ltr.	% af seldum ltr. léttvíns	% af seldum ltr. bjórs	% af seldum ltr. – annað áfengi	Einingar
2017	133	239.939	1,10%	5,38%	0,34%	0,09%	356.476
2016	113	183.589	0,88%	4,64%	0,19%	0,08%	250.720
2015	107	136.493	0,70%	4,03%	0,12%	0,11%	189.814

### Rafrænar skjalasendingar

Hagræði af rafrænum reikningum er bæði efnahagslegt og umhverfislegt.

Íslenska fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf út yfirlýsingu í febrúar 2014 um að frá og með 1.janúar 2015 myndi ríkið einungis taka við reikningum á rafrænu formi. Ráðuneytið gerði ráð fyrir sparnaði upp á 1.000 krónur á hvern móttékinn reikning. Sé gert ráð fyrir sama sparnaði í reikningshaldi ÁTVR vegna rafrænna reikninga, þá nemur sparnaðurinn 40 milljónum.

Með því að skipta alfarið úr pappírs reikningum í rafræna reikninga má lækka kolefnisfótspor reikningsferlisins verulega. Lífsferilsgreining Tenhunen og Penttilä (2010) bendir til þess að munurinn sé um 63%.

	2015	2016	2017	%
Fjöldi reikninga	57.186	56.811	55.037	-3%
Fjöldi rafrænna reikninga	32.126	37.967	40.333	6%
<b>Hlutfall rafrænna reikninga</b>	<b>56%</b>	<b>67%</b>	<b>73%</b>	<b>9%</b>
Fjöldi pantana	46.397	46.230	43.074	-7%
Fjöldi rafrænna pantana	14.492	16.810	17.104	2%
<b>Hlutfall rafrænna pantana</b>	<b>31%</b>	<b>36%</b>	<b>40%</b>	<b>10%</b>
Fjöldi sölureikninga	30.388	30.550	28.789	-6%
Fjöldi rafrænna sölureikninga	8.802	9.707	8.686	-11%
<b>Hlutfall rafrænna sölureikninga</b>	<b>29%</b>	<b>32%</b>	<b>30%</b>	<b>-6%</b>
Millifærslupantanir/innrisala	41.492	46.223	49.799	8%
<b>Sölureikningar m.v. veltu</b>	<b>52%</b>	<b>51%</b>	<b>53%</b>	<b>4%</b>
<b>Hlutfall af heildarinnkaupum</b>	<b>89%</b>	<b>89%</b>	<b>91%</b>	<b>2%</b>

## Lykiltölur 2017

29 milljarðar í vörukaup

11.963 gjaldareikningar

26.248 pantanir til ytri birgja

49.799 innri pantanir/sölureikningar

## G4-EN28

### HLUTFALL SELDRA VARA OG UMBÚÐA SEM ERU ENDURUNNAR EFTIR TEGUND

Aðfangakeðjan og endurvinnsla skiptir ÁTVR miklu máli. Endurvinnslan hf., ásamt umboðsmönnum hennar, sér um móttöku allra einnota drykkjavörumbúða hérlandis, greiðir út skilagjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu.

Skil á drykkjavörumbúðum lækkaði á milli ára, en alls var hlutfallið 83% af seldum umbúðum. Á árinu nam heildarsala drykkjavörumbúða 158 milljónum eininga þar af voru rúmlega 47 milljónir seldar í Vínbúðunum. Gera má ráð fyrir að skil á umbúðum frá Vínbúðum fylgi almennum skilum og því hafi verið skilað til Endurvinnslunnar um 39 milljónum eininga eða 82% af þeim 47 milljónum skilagjaldsberandi umbúðum sem seldar eru í Vínbúðunum.

Helstu skýringar á minni skilum er aukinn fjöldi ferðamanna en þeir þekkja fæstir hvernig skilakerfið virkar. Einnig er góðæri og þar með minnkar hvati til skila. Loks eru umbúðir að verða minni en skil á minni umbúðum eru minni en á þeim stærri.

ÁTVR vann ásamt systurfyrirtækjum á Norðurlöndum að lífsferilsgreiningu á vörusafni. Þar kom fram að mestu umhverfisáhrifin liggja í umbúðunum og komu glerumbúðir verst út. Næststærsti þátturinn sem hafði áhrif var eldsneytisnotkun í vínrækt. Þriðji stærsti þátturinn var svo orkunotkun í sjálbum verksmiðjunum.

Unnið verður að því á næstu árum að minnka umhverfisáhrif vörusafnsins. Fyrst verður farið í að minnka sótspor glerumbúða og skiptir þyngd máli. Framleiðendur verða hvattir til að nota léttgler, minna en 420 g, og verður hlutfallið einn af lykilmælikvörðum. Einnig verður þyngd umbúða birt á vöruvef.

Í núverandi vörusafni er vín í glerflöskum 420 g og léttari, 17% m.v. fjölda og 20% m.v. magn.

Fjöldi: 213 léttgler af 1.246 einingum, eða 17%

Lítrar: 321 þúsund lítrar af 1.617 þúsund, 20%

Sala eininga í Vínbúðum	2015	2016	2017	Hlutfall skila 2017*	Áætluð skil 2017	Breyting 2016/2017
Glerflöskur	9.491.156	10.284.918	10.503.837	78	8.161.481	2,1%
Plast (PET)	397.199	457.896	454.874	82	374.361	-0,7%
Áldósir	31.389.913	33.766.663	36.139.122	85	30.754.393	6,6%
Box	458.540	458.617	469.639	Ekki skilagjald		2,3%
Ferna	64.622	91.565	94.260	Ekki skilagjald		2,9%
Annað	20.081	23.168	33.975	Ekki skilagjald		31,8%
<b>Alls seldar einingar</b>	<b>41.821.511</b>	<b>45.082.827</b>	<b>47.695.707</b>		<b>39.290.235</b>	<b>5,5%</b>

\*Tölur frá Endurvinnslunni

Skil drykkjarumbúða til Endurvinnslunnar	2015	2016	2017
Sala milljónir eininga	134	142	158
Skil milljónir eininga	116	121	131
Skilahlutfall %	88	85	83
Skil eftir tegundum %	2015	2016	2017
Ál	91	87	85
Plast	89	85	82
Gler	84	81	78

## G4-EN29

FJÁRHÆÐ MIKILSHÁTTAR SEKTA OG TÆMANDI LISTI YFIR VIÐURLÖG SEM FYRIRTÆKIÐ HEFUR VERIÐ LÁTIÐ SÆTA VEGNA BROTA GEGN UMHVERFISLÖGUM OG -REGLUM

Engar sektir eða viðurlög á starfsárinu 2017 vegna brota gegn umhverfislögum og -reglum og hefur aldrei gerst.

## G4-EN31

### HEILDARFJÁRFESTINGAR OG ÚTGJÖLD VEGNA UMHVERFISVERNDAR FLOKKAD EFTIR TEGLUND

ÁTVR hefur ekki haldið utan um kostnað vegna umhverfisstjórnunar en helstu kostnaðarliðir árið 2017 voru kolefnisjöfnun, heilsufarsmælingar, endurgreiðslur vegna samgöngusamninga og skipting yfir í LED perur.

Í ofangreindum tilfellum, nema hugsanlega hvað við kemur kolefnisjöfnuninni, hefur orðið umtalsverður sparnaður af verkefnunum sem vegur upp á móti kostnaði. Af þeim sökum er erfitt að meta rauverulegan kostnað/ávinning af þessum aðgerðum.

## G4-LA1

### STARFSMANNAVELTA EFTIR ALDRI, KYNI OG STARFSSTÖÐ

Starfsmannavelta eftir ráðningarárformi og starfi	Fullt starf	Hlutastarf	Tímavinna	Alls
Dreifingarmiðstöð	26%	0%	76%	38%
Skrifstofa	4%	0%	82%	17%
Starfsfólk í Vínþúð	15%	9%	36%	33%
Stjórnendur í Vínþúð	7%	7%	0%	5%
Alls	13%	7%	39%	29%

Starfsmannavelta eftir kyni og aldri 2017	Karlar	Konur	<30	30-50	>50	Alls
Dreifingarmiðstöð	42%	21%	61%	25%	0%	38%
Skrifstofa	15%	19%	83%	12%	31%	17%
Starfsfólk í Vínbúðum	31%	34%	36%	29%	38%	33%
Stjórnendur í Vínbúðum	7%	4%	0%	7%	0%	5%
<b>Alls</b>	<b>30%</b>	<b>28%</b>	<b>38%</b>	<b>21%</b>	<b>25%</b>	<b>29%</b>

Starfsmannavelta er reiknuð út frá öllu starfsfólk sem var í starfi á árinu 2016. Starfsmannavelta er reiknuð: hættir starfsmenn/heildarfjöldi starfsmanna.

## GA-LA3

### ENDURKOMA TIL STARFA OG STARFSLOK EFTIR FORELDRAORLOF EFTIR KYNI

Heildarfjöldi þeirra sem tóku fæðingarorlof árið 2017 voru 14 þar af voru átta konur og sex karlmenn. Ekki til upplýsingar um hverjir áttu rétt á orlofi en tóku ekki orlof.

Þrjár konur eru komnar aftur til starfa en fimm eru enn í orlof, engin hefur hætt. Allir sex karlmennirnir sem tóku orlof komu aftur til vinnu en tveir þeirra hættu stuttu eftir að hafa komið aftur til starfa.

Karlmennirnir taka yfirleitt styttra orlof og dreifa því frekar yfir lengri tíma en konurnar.

## G4-LA4

### LÁGMARKS UPPSAGNARFRESTUR Í TENGSLUM VIÐ MIKILSHÁTTAR BREYTINGAR Á STARFSEMI, P.M.T. HVORT KVEÐIÐ SÉ Á UM SLÍKT Í KJARASAMNINGUM


Um það gildir kjarasamningsbundinn uppsagnarfrestur sem getur verið frá 1 mánuði fyrir lausráðna eða 3 mánuðir að lágmarki fyrir fastráðna. Það eru ekki til sérreglur vegna "mikilsháttar" breytinga á starfsemi. Starfsfólk sem ráðið er til starfa fyrir gildistöku "nýju" starfsmannalaganna (fyrir 1. júní 1996) geta átt rétt til biðlauna ef starf er lagt niður, laun til 12 mánaða.

## G4-LA5

### SÉRSTÖK ÁTAKSVERKEFNI

Það er einn öryggisstjóri í starfi. Öryggisnefnd er til staðar, tveir öryggisverðir og tveir öryggistrúnaðarmenn. Áhættumat var gert á árinu vegna sálfélagslegra þátta í tengslum við endurskoðunar um áætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Ný áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi var gefin út.

#### HEILSFARSMÆLINGAR - EÐLILEG NIÐURSTAÐA



#### SÉRSTÖK ÁTAKSVERKEFNI - SAMGÖNGUKANNANIR

Árlega hafa verið framkvæmdar samgöngukannanir til að fá verðmætar upplýsingar sem notast í stefnumótandi vinnu í umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð.

Reykjavíkurborg hefur látið kanna umferðahegðun höfuðborgarbúa til og frá vinnu og það er gaman að bera saman umferðarmynstur starfsfólks ÁTVR og borgarbúa yfir sumar og vetur.


Einnig hefur Vegagerðin látið Land-ráð sf. gera fyrir sig kannanir um ferðahegðun borgarbúa og er einkabíllinn hærri þar. Í könnun fyrir vetur 2016 eru 78% borgarbúa sem aka á einkabil en í ár 45% starfsfólks ÁTVR. Sé starfsfólk á höfuðborgarsvæðinu tekið sérstaklega út, þá koma vistvænni tölur en 40% nýta einkabil til og frá vinnu yfir veturinn.

Starfsfólk ÁTVR telur að samgöngusamningur og hreyfing í kjölfarið hafa góð áhrif á heilsu sína en rúm 70% eru sammála. Enginn ósammála. Óvissir eru 14% og hvorki né 11% svara.

Skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að því að fækka ferðum í einkabíl niður í 58%. Einnig að 8% allra ferða verði á hjóli, 12% ferða með Strætó, 22% gangandi (Reykjavíkurborg, 2014). Starfsfólk ÁTVR er þegar búið að ná þessu markmiði. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, númer 11, Sjálfbærnar borgir og samfélög, kemur við sögu. Afleiðing er minna svifryk, minni gatnaskemmdir, minni umferðartími og betri heilsa andlega og líkamlega.

#### VETUR - TIL OG FRÁ VINNU ÁTVR HÖFUÐBORG OG BORGARBÚAR


vetur - borg arbúar 2016 og átv 2017



	Einkabíll	Strætisvagn	Hjóla	Ganga	Samferða
ÁTVR vetur 2017	45%	10%	12%	28%	4%
Borgarbúar vetur 2016	67%	7%	6%	13%	7%

#### BORGARBÚAR OG ÁTVR TIL OG FRÁ VINNU

vor - borgarbúar 2016 og átvær 2017



	Einkabíll	Strætisvagn	Hjóla	Ganga	Samferða
ÁTVR sumar 2017	32%	10%	23%	31%	5%
Borgarbúar vor 2016	65%	10%	8%	10%	7%

## G4-LA6

### TÍÐNI MEÐSLA, STARFSTENGDRA SJÚKDÓMA, FJARVERUDAGA OG DAUÐSFALLA SEM TENGJAST STARFI EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Á árinu voru skráð sjö slys sem er sami fjöldi og síðasta ár. Eitt reiðhjólaslys var til og frá vinnu. Sex slys urðu á starfsstöð. Markmiðið er öruggur og slysalaus vinnustaður. Fjarvistir vegna veikinda og veikinda barna sem hlutfall af unnum klukkustundum minnkuðu lítillega á milli ára var 2,5% í fyrra en er nú 2,4%.

Slys	Karlar	Konur	Alls
2017	1	6	7
2016	4	3	7
2015	2	4	6

### Fjarvistir vegna veikinda og veikinda barna í hlutfalli við unnar klukkustundir

	Konur	Karlar	Heild 2017	Heild 2016	Heild 2015
Vínbúðir	2,2%	2,6%	2,3%	2,6%	2,3%
Dreifingarmiðstöð	1,5%	3,1%	2,9%	3,4%	3,5%
Skrifstofa	3,1%	1,8%	2,5%	2,0%	2,0%
ÁTVR í heild	2,3%	2,5%	2,4%	2,5%	2,3%

## G4-LA9

### MEDALTÍMI FRÆÐSLUSTUNDA Á STARFSMANN Á ÁRI EFTIR STARFSHÓPUM OG KYNI

Rekstur	Starfsfólk	kvk	kk	Tímar	Tímar alls	Tímar/stg.	Fjöldi námsk.
Hvernig á ég að byrja að spara	21	63%	37%	1	21	0,06	1
Stoppaður orkuþjófana áður en þeir stoppa þig	22	73%	27%	1	22	0,07	1
Núvitund	20	95%	5%	12	240	0,72	1
Ársfundur	95	53%	47%	2,5	238	0,71	1
Heilsa karla	31	29%	71%	1	31	0,09	2
Að breyta lífsvenjum	25	77%	23%	1	25	0,07	1
Hjólfærni	22	55%	45%	1	22	0,07	1
Upptekni umhverfissinninn	9	55%	45%	1	9	0,03	1
Fyrirlestur um stress	22	63%	37%	1	22	0,07	1
Hamingjan	24	64%	36%	1	24	0,07	1
Matur og mýtur	27	63%	37%	1	27	0,08	1
Áhrif næringar á andlega og líkamlega líðan	20	70%	40%	1	20	0,06	1
Að stjórna jafningjum	15	67%	33%	7	105	0,31	1
Skyndihjálp	107	53%	47%	4	428	1,28	5
Nýliðafræðsla	55	65%	35%	5	275	0,82	2
<hr/>							
<b>Vínþúð</b>							
Vínfræði I	58	59%	41%	25	1450	4,34	4
Vínfræði II	15	53%	47%	25	375	1,12	1
Fræðsluskot	327	65%	35%	2	654	1,96	25 *
Þemadagar	310	62%	38%	2	620	1,86	6
Lyftaranámskeið	30	53%	47%	11	330	0,99	2
Vínferð til Rioja	9	44%	56%	32	288	0,86	1
Vínsýning Bordeaux	3	0%	100%	32	96	0,29	1
<hr/>							
<b>Vínráðgjafafræðsla</b>							
Framleiðendaheimsóknir til ÁTVR	95	29%	71%	2	190	0,57	14
Vínferð innanlands	11	27%	73%	8	88	0,26	1
Heimsóknir til framleiðenda innanlands	17	29%	73%	2	34	0,10	2
Vínsérfræðingar kenna vínsérfræðingum	20	20%	80%	2	40	0,12	2

\* Um allt land

ÁTVR fjárfesti í tæplega 5.700 klukkustundum til fræðslu og þjálfunar starfsmanna. Það jafngildir 142 vinnuvikum.

Fræðslustundir eru 18 á hvert stöðugildi eða rúmlega 2 dagar á starfsmann. Á síðast ári voru tæplega 5.000 klukkustundir í fræðslu og þjálfun eða 124 vinnuvikur.

Aukning í fræðslustundum um 15% og er helsta skýringin skyndihjálparnámskeið, nútund og aukning í Vínfræði I.

Í heilsueflingu eru nú fjölbreyttir fræðslufundir að Stuðlahálsi sem lúta að andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks. Boðið var upp á fræðslu um nútund, stress, hjólanámskeið, hamingju og næringu svo dæmi sé tekið.

Flestir fræðslufundir voru sendir beint út á netinu í gengum facebook og gat starfsfólk horft beint á eða skoða síðar. Það áhorf er ekki mælt í þessum tölu.

Ekki eru í þessum töluum tímar um fyrirlestra og þáttöku starfsfólks í símenntun hjá Stjórnvísni, Dokkunni, hjá upplýsingatækifirrtækjum og háskólasamfélagi.

## G4-LA11

HLUTFALL STARFSMANNA SEM UNDIRGANGAST REGLULEGT FRAMMISTÖÐU- OG STARFSÞRÓUNARMAT, M.A. MED TILLITI TIL KYNS OG STARFSVETTVANGS

Öllu starfsfólk var boðið að fara í starfsmannasamtal á árinu. Hluti starfsmannasamtals er umræða um frammistöðu, verkefni og starfsþróun. Markmiðið er að starfsmannasamtöl séu þrisvar á ári. Starfsþróunarstefna ÁTVR er í fullu gildi. Stefnan er sett fram á grundvelli vinnustaðagreininga, frammistöðusamtala og rýnihópa um fræðsluþörf sem störfuðu í tengslum við verkefnið.

## G4-HR4

STARFSEMI OG/EÐA BIRGJAR SEM HAFA VERIÐ UPPVÍSIR AÐ EÐA ERU LÍKLEGIR TIL AÐ SNIÐGANGA LÖG UM FÉLAGAFRELSI OG SAMEIGINLEGAR KJARAVIÐRÆÐUR OG RÁÐSTAFANIR SEM HAFA VERIÐ GERÐAR TIL AÐ TRYGGJA SLÍK RÉTTINDI

ÁTVR er einungis með starfsemi á Íslandi og því er ekki talin veruleg hætta á að brotið sé á réttindum starfsmanna varðandi samningsrétt eða þáttöku í stéttarfélögum.

## G4-PR1

GÆÐAEFTIRLIT ÁFENGIS

Vörugæði og neysluöryggi eru meginstoðir í ábyrgri starfsemi ÁTVR. Fjöldi skilaðra eininga á árinu voru 3.249 sem er samdráttur um 4% á milli ára. Felst vöruskil má rekja til korkskemmda. Af hverjum 100 þúsund seldum einingum var um 6 skilað. Fjöldi innkallana á árinu voru 13. Helstu orsakir voru frávik frá gæðum.

Vottun skynmats hélt áfram á árinu. Þriðji aðili vottar skynmatsferlið og kom reglulega fulltrúi frá BSI á Íslandi, sem er faggild skoðunarstofa, og tók út verklagið. Tilgangurinn með vottun skynmats og úttektum er að tryggja að skjalfestu verklagi sé fylgt og að skuldbinding ÁTVR um að vinna að stöðugum umbótum í skynmatsferlinu sé til staðar.

Haustið 2016 byrjaði ÁTVR að fylgjast reglulega með styrkleika alkóhóls í söluvörum vínbúðanna. Í október 2017 var tekin í notkun vínskanni, sem er sérhæft mælitæki fyrir vín, þar sem má fylgjast má með alkóholi, sykri, súlfíti, sýrum og fleiri þáttum sem gagnast við gæðaeftirlit og gefa kost á auknum upplýsingum til viðskiptavina, m.a. magni sykurs í víni.

Á árinu 2017 voru mældar rúmlega 2100 tegundir. Flestar mælingar staðfesta réttar merkingar, en í 22 tilvikum fundust frávík frá uppgefnu alkóhólmagni. Brugðist er við ef frávik eru utan skilgreindra viðmiðunarmarka.

## G4-PR3

GERÐ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUUPPLÝSINGA SEM KRAFIST ER Í VERKLAGSREGLUM OG HLUTFALL VÖRU OG ÞJÓNUSTU SEM FELLUR UNDIR SLÍKAR UPPLÝSINGAKRÖFUR

Mikilvægasti vöru- eða þjónustuflokkur er áfengir drykkir. Óáfengir drykkir, gjafapakkningar, tóbak o.fl. eru því ekki í þessum vísi. ÁTVR framkvæmir ekki eigin merkingu á vörum. Ábyrgð fyrirtækisins felst fremur í að kanna hvort þær séu í samræmi við lög og reglur.

Reglugerðir um vöruval, innkaup og dreifingu áfengis, nr. 1106/2015 og miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, nr. 1294/2014 liggja til grundvallar mati á vörum og umbúðum. Þetta er gert í tengslum við innkaup á öllum áfengum drykkjum.

	Já	Nei	Hlutfall áfengis sem hefur verið athugað 3)	Hlítning %
1 Upprunaland innihalds		x		
2 Alkóholmagn	x		78,7%	99,9%
3 Neysluöryggi - lítrar 1)	x		78,0%	100%
4 Neysluöryggi - vörunúmer 1)	x		45,6%	100%
5 Förgun og umhverfisáhrif og félagsleg áhrif 2)	x		93,0%	100%
6 Lífræn vara	x		1,10%	100%
7 Sanngjörn framleiðsla	x		0,04%	100%

1) Vörur sem fara í gegnum skynmat hjá gæðaeftirliti ÁTVR

2) Hlutfall af skilagjaldsberandi umbúðum seldum hjá ÁTVR


3) Hlutfall eftir seldum lítrum (nema liður 4)

## G4-PR5

ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA

### Íslenska ánægjuvogin

Þróun ÁTVR í samanburði við öll fyrirtæki sem eru mæld á kvarðanum 0–100.



## Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Vínbúðarinnar?

Ánægja með þjónustu flokkað eftir stærð Vínbúða

	2017	2016	2015
Stærri Vínbúðir	4,33	4,39	4,29
Minni Vínbúðir	4,48	4,54	4,46

Mælt á kvarðanum 1-5

## Hversu gott eða slæmt finnst þér viðmót starfsfólks Vínbúðarinnar almennt vera?

Viðmót starfsfólks Vínbúðanna flokkað eftir stærð Vínbúða

Viðmót starfsfólks	2017	2016
Stærri Vínbúðir	4,46	4,50
Minni Vínbúðir	4,70	4,74

## G4-S03

### HLUTFALL OG HEILDARFJÖLDI VIÐSKIPTAEININGA SEM GREINDAR HAFA VERIÐ MEÐ TILLITI TIL HÆTTU Á SPILLINGU

Hlutleysi gagnvart birgjum er reglulega kannáð og tryggt með reglugerð með vöruluval. Í birgjakönnun sem framkvæmd var í maí og júní 2017 kom fram að hlutleysi væri 3,5 af 5 mögulegum. Eða 57% ánægðir, 19% hlutlausir og 24% óánægðir.

Óskýrð rýrnun er rýrnun sem verður vegna þjófnaðar eða mistaka í afgreiðslu. Óskýrð rýrnun var 0,03% veltu hjá Vínbúðunum. Til samanburðar er Samkvæmt National Retail Security Survey 2017, er talið að rýrnun í smásölu sé 1,44%.

Mikið eftirlit er með rýrnun að hálfu búðanna sjálfra, sítalningar, farið er yfir öll frávik, starfsfólk kennt að bera kennsl á líklega hegðun þjófa og líklegustu vörurnar eru taldar oftast. Rýrnun er ekki liðin og strax skoðað í öryggisvélum til að sjá hvað olli rýrnun viðkomandi vörutegundar.

# VIÐMIÐ (PRINCIPLES) GLOBAL COMPACT

## MANNRÉTTINDI

- |           |   |           |   |
|-----------|---|-----------|---|
| <b>P1</b> | Fyrirtæki styðji og virði vernalþjóðlegra mannréttinda. | <b>P2</b> | Fyrirtæki fullvissi sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot. |
|-----------|---|-----------|---|

## VINNUMARKAÐUR

- |           |  |           |   |
|-----------|--|-----------|---|
| <b>P3</b> | Fyrirtæki styðji við félagafrelsi og viðurkenni í raun rétt til kjarasamninga. | <b>P4</b> | Fyrirtæki tryggi afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu. |
| <b>P5</b> | Virkt afnám allrar barnavinnu sé tryggt.                                       | <b>P6</b> | Fyrirtæki styðji afnám misréttis til vinnu og starfsvals.   |

## UMHVERFI

- |           |  |           |  |
|-----------|--|-----------|--|
| <b>P7</b> | Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.                           | <b>P8</b> | Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu. |
| <b>P9</b> | Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni. |           |  |

## GEGN SPILLINGU

- |            |  |
|------------|--|
| <b>P10</b> | Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum. |
|------------|--|

# SIÐAREGLUR BSCI

Markmið siðareglina BSCI (Business Social Compliance Initiative) er að útlista þau gildi og meginreglur sem þátttakendur kappkosta að innleiða í viðskiptum við samstarfsaðila í aðfangakeðju fyrirtækisins. Þátttakendur samþykkja siðareglurnar þegar þeir gerast aðilar að BSCI.

## 11 meginreglur sem stefna að hámörkun verndar vinnuafls

Meginreglur BSCI eru byggðar á mikilvægum alþjóðlegum reglum á sviði vinnumála sem vernda réttindi launþega. Má þar nefna samninga og sáttmála Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), leiðbeinandi reglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi sem og viðmiðunareglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölfjóðleg fyrirtæki.

Meginreglurnar gera grein fyrir 11 grundvallarréttindum launþega sem þátttakendur skuldbinda sig til að innleiða í aðfangakeðju sinni með þrepaskipri aðferð.



### RÉTTUR TIL FÉLAGAFRELSIS OG KJARASAMNINGA

Fyrirtækið virðir rétt launþega til að stofna stéttarfélög eða önnur samtök launafólks, og ganga til almennra kjarasamninga.



### SANNGJARNT ENDURGJALD

Fyrirtækið virðir rétt launþega til að fá sanngjart endurgjald fyrir vinnu sína.




### VINNUEFTIRLIT

Fyrirtækið tryggir heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi, sinnir mati á áhættu og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að eyða eða draga úr henni.



### SÉRSTÖK VERND FYRIR UNGT LAUNAFÓLK

Fyrirtækið veitir öllum starfsmönnum sem ekki teljast fullorðnir sérstaka vernd.



### ENGIN VINNUÞRÆLKUN

Fyrirtækið beitir ekki nauðungarvinnu og mansali og nýtir sér ekki ófrjálst vinnuafl af neinu tagi.



### SIÐGÆÐI Í VIÐSKIPTAHÁTTUM

Fyrirtækið mun ekki þola neinum viðskiptaspillingu, fjársvík, fjárvík eða mútur.



#### ENGIN MISMUNUN

Fyrirtækið veitir öllum jöfn tækifæri og mismunar ekki starfsmönnum.



#### HÓFLEGUR VINNUTÍMI

Fyrirtækið fylgir lögum um vinnutíma.



#### ENGIN BARNAVINNA

Fyrirtækið ræður ekki starfsmenn undir lögaldri.



#### ENGAR ÓTRYGGAR RÁÐNINGAR

Fyrirtækið ræður einungis starfsmenn á grundvelli staðfestra samninga og samkvæmt lögum.



#### UMHVERFISVERND

Fyrirtækið gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir spjöll á umhverfinu

# HEIMSMARKMIÐIN

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi í byrjun árs 2016. ÁTVR hefur hafið vinnu við að innleiða þau í ferla fyrirtækisins. Þetta eru viðtækustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um og stefnt er að því að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030.

Aðal áherslan hjá ÁTVR er að vinna í átta heimsmarkmiðum en þau falla vel að áherslum fyrirtækisins. Ábyrg neysla (12) og heilsa og vellíðan (3) en þar koma lýðheilsusjónarmið við sögu, verndun jarðarinnar (13), jafnrétti (5), hreint vatn og salernisaðstaða (6), líf í vatni (14), líf á landi (15), samvinna um markmiðin (17) og aðfangakeðjan en hún kemur sterk inn í restina af markmiðunum.

ÁTVR ætlar að segja góðar fréttir árið 2030.

- |  |   |
|--|---|
| <b>1 ENGIN FÁTÆKT</b><br>                       | <ul style="list-style-type: none"><li>• Haldnar þemakynningar fyrir vörurnar</li><li>• Kaupum inn sanngjarnit framleiddar vörur, t.d. kaffi og súkkulaði.</li><li>• Boðið upp á sanngjart framleiddar (Fair Trade) vörur í vörusölu.</li><li>• Aðild að BSCI-gagnagrunni og fylgjum siðareglum þeirra</li></ul>   |
| <b>2 EKKERT HUNGUR</b><br>                      | <ul style="list-style-type: none"><li>• Stofnsamningur við áfengisborgja sem byggir á siðareglum Global Compact</li><li>• Styrkur til UN Women</li><li>• Sanngjörn framleiðsla (Fair Trade)</li></ul>   |
| <b>3 HEILSA OG VELLÍÐAN</b><br>               | <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjarvistir frá vinnu 2,5%</li><li>• Boðið upp á fyrilestra</li><li>• Líkamsræktarstyrkir</li><li>• Samgöngusamningar, 53% starfsfólks yfir sumarið og 35% yfir veturinn</li><li>• Verkefnið góð heilsa allt árið. Boðið upp á árlega heilsufarsmælingu fyrir allt starfsfólk</li><li>• ÁTVR framfylgir stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið (3.5 og 3.a)</li><li>• WOWcyclothon</li><li>• Lifshlaupið - efst í hlutfalli daga hjá fyrirtækjum með 400-799 starfsmenn</li><li>• Þátttaka í Hjólum í vinnuna og Lifshlaupinu</li></ul> |
| <b>4 MENNTUN FYRIR ALLA</b><br>               | <ul style="list-style-type: none"><li>• Vínskóli Vínþúðanna</li><li>• Þemakynningar. Sjá G4-LA9</li><li>• Íslenskukennsla fyrir erlenda starfsmenn</li></ul>  |
| <b>5 JAFNRÉTTI KYNJANNA</b><br>               | <ul style="list-style-type: none"><li>• Vinna að innleiðingu á jafnréttissáttmála UN Women</li><li>• Jafnlaunaúttekt PWC 2013 og 2016</li><li>• Innleiðing á jafnlaunakerfi ÍST 85:2012</li></ul>   |
| <b>6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTABA</b><br> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Í frumframleiðslu er áhersla lögð á að spara vatn og draga úr efnanotkun í ræktun, og síðar í framleiðsluferlinu er lögð áhersla á skilvirkja vatnsnotkun.</li></ul>  |
| <b>7 SJÁLFBÆR ORKA</b><br>                    | <ul style="list-style-type: none"><li>• 100% endurnýjanleg raforka notuð, 2,1 GWst ársnotkun í allri starfsemi fyrirtækisins.</li></ul>   |

## 8 GÖÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



- Íslenska ánægjuvogin - efst í hópi smásöluverslana
- Fyrirmundastofnun SFR.
- Starfsánægja mæld, 4,34/5
- Óútskýrð rýrnun 0,03%.
- Greiddur arður til Ríkissjóðs 1.750 milljónir.

## 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



- Greitt í Pokasjóð, 17 milljónir
- Árangursmælingar. Skorkort Vínbúðanna og fleiri skorkort
- Margnota burðarpokar
- Hátt hlutfall rafrænna reikninga, 91% viðskiptavina m.v. veltu.
- ÁTVR hefur styrkt og starfað með aðilum sem sinna ýmsum mannúðar- og forvarnarmálum
- Matjurtagarður - sjálfbærniverkefni starfsfólks

## 10 AUKINN JÓFNUÐUR



- Siðareglur og jafnréttisáætlun. Jafnlaunavottun PWC 2013 og 2016.
- Innleiðing á jafnlaunakerfi ÍST 85:2012.
- Boðið upp á vörur undir merkjum: Sanngjörn framleiðsla

## 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



- Boðið upp á samgöngusamninga fyrir starfsfólk
- Sparperum (LED) ljós sett í nýjar Vínbúðir og í viðhaldi
- Útilýsing með sparperum.
- Hjólavottun vinnustaða, gullvottun

## 12 ÁBYRG NEYSLA



- 98% endurvinnsluhlutfall á úrgangi árið 2030. Endurvinnsluhlutfall í dag 92%
- Fyrirmund í samfélagslegri ábyrgð.
- Ánægja hjá viðskiptavinum.
- Skilríkjæftirlit í Vínbúðum.
- Óútskýrð rýrnun 0,03%.
- ÁTVR framfylgir stefnu stjórvalda um bætta lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið
- Lifsferilsgreining á vörusafni
- Ársskýrsla samkvæmt sjálfbærniviðmiðum Global Reporting Initiative (GRI)
- Leggja áherslu á umbúðir vörur. Sjálfbært efnisval og endurvinnsla í verslunum okkar. Skoða úrvall á fylgihlutum og umhverfisþætti þeirra.

## 13 VERNDUN JARDARINNAR



- Kuðungurinn 2015 - viðurkenning á framlagi fyrirtækja og stofnana til umhverfismála frá Umhverfisráðuneytinu
- Beina sjónum að orkunotkun og framkvæmd endurnýjanlegrar orku í öllu framleiðsluferlinu og leggja áherslu á sjálfbærar ræktunaraðferðir t.d. binding kolefnis. Leggja áherslu á órkusparnað og að draga úr CO2 losun í verslunum okkar.
- Loftslagsmarkmið til 2030, 40% samdráttur á CO2 og 98% endurvinnsluhlutfall á úrgangi. Endurvinnsluhlutfall í dag 92%
- Kolefnisjöfnun hjá Kolviði. Jákvætt sótspor
- Allur pappír vistvænt vottaður og krafist er vistvænt vottaðra aðfanga frá birgjum.
- Vistvæn innkaup og grænt bókhald opinbera aðila
- Uppfyllt fimm Græn skref í ríkisrekstri og eftirfylgni fyrir höfðustöðvar og í öllum 51 Vínbúðum
- Lifsferilsgreining á vörusafni til að finna mestu umhverfisáhrifin og minnka sótspor í aðfangakeðjunni.

## 14 LÍFI VATNI



- Margnota burðarpokar, minnun á plastburðarpokum
- Í frumframleiðslu skal leggja áherslu á ræktunaraðferðir sem draga úr mengun vatns og halda næringarefnum í jörðu. Leggja áherslu á efni sem ekki skaða líf í vatni við val á umbúðum og fylgihlutum.

## 15 LÍF Á LANDI



- Áhersla á lífrænt ræktuð vín.
- Kolefnisjöfun með skógræktun.
- Leggja áherslu á ræktunaraðferðir sem stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika

**16** FRIBUR OG  
RÉTTLÆTI



- Árlega greitt styrki til UN Women
- Siðareglur ÁTVR, BSCI og Global Compact gegn hvers kyns spillingu

**17** SAMVINNA  
UM MARKMIÐIN



- Vinnum að umhverfismálum með systurfyrirtækjum á Norðurlöndum
- Global Compact og siðareglur BSCI
- Lokaverkefni um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð með erlendum og innlendum mastersnemum
- Ársskýrla samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI)
- Styrkja mismunandi samstarf til að ná markmiðum með alþjóðlegri, innlendri og iðnaðar-sértækri samvinnu: Norræn samvinna, alþjóðleg samtök, samtök innan iðnaðarins (OIV (International Organisation of Vine and Wine), vottunaraðilar), frjáls félagasamtök

